

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2022–2025



Bæjarstjórn Hafnarfjarðar,
Seinni umræða, 8. desember 2021
hafnarfjordur.is



Hafnarfjörður

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Forsendur áætlunar 2022–2025.....	6
Lagatílvísanir og skilgreiningar	6
Skatttekjur	6
Útsvar	6
Framlög úr Jöfnunarsjóði	6
Fasteignagjöld	7
Tekjutengdur afsláttur fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega	7
Aðrar tekjur	8
Laun og launatengd gjöld	9
Lífeyrisskuldbindingar	9
Annar kostnaður	9
Fjármagnsliðir	9
Fyrirvarar og óvissuþættir	10
Þriggja ára áætlun 2023–2025	10
Mannauður	10
Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki	11
A- og B-hluti	11
A-hluti	12
Aðalsjóður	12
Skrifstofa fjölskyldu- og barnamálasviðs	16
Fjölskyldu- og skólaþjónusta Brúarinnar	16
Fjárhagsaðstoð	16
Sérstakur húsnæðisstuðningur	16
Barnavernd	16
Þjónusta við eldri borgara	17
Þjónusta við fatlað fólk	18
Málefni útlendinga og umsækjenda um alþjóðlega vernd	18
Mennta- og lýðheilsusvið.....	21
Fræðslu- og uppeldismál	21
Sameiginlegur kostnaður	21
Forgangsröðun fjármagns	21
Hagsmunir barna hafðir að leiðarljósi	22
Menntastefna	23



Leikskólar og dagvistunarmál	23
Grunnskólar	23
Frístunda-, tómstunda- og tónlistarstarf	23
Skólalþjónusta og önnur fræðslustarfsemi	24
Íþrótt-, tómstunda- og lýðheilsu-.....	27
Hlutfall og fjöldi unglunga	27
Áherslur 2022	27
Menningarmál	32
Rekstraryfirlit:	32
Atvinnumál	32
Bókasafn	33
Byggðasafn	35
Hafnarborg	36
Brunamál og almannavarnir	38
Hreinlætismál	39
Hreinlætismál	39
Skipulags- og byggingarmál	40
Umferðar- og samgöngumál	42
Umhverfismál	43
Sameiginlegur kostnaður	44
Eignasjóður	49
Vatnsveita	52
Fráveita	53
Húsnæðisskrifstofa	54
Hafnarfjarðarhöfn	56
Framkvæmdaáætlun 2022	59
Vatnsveita	60
Fráveita	60



Inngangur

Eitt af einkennum Hafnarfjarðar er fjölbreytt byggð gamalla og nýrra húsa sem risið hafa jafnt og þétt í gegnum langa sögu. Sérhvert hverfi í bænum ber með sér andblæ síns tíma. Með ferð um bæinn má rekja sig í gegnum sögu Hafnarfjarðar og þróun í gegnum tíðina. Og enn eru að rísa hverfi, svo sem í Skarðshlíð og Hamranesi, þar sem nýjar kynslóðir byggja sér framtíðarheimili. Með þeim hverfum sem nú eru að verða til og hóflegri þéttingu á eldri svæðum er áætlað að árleg fjölgun Hafnfirðinga verði um 1.500–2.000 manns að meðaltali næstu fjögur árin. Standist þær spár má ætla að íbúum bæjarins muni fjölga um allt að fjórðung yfir tímabilið.

Samtímis hyggjast bæjaryfirvöld leggja áherslu á að vernda einstakan bæjarbrag Hafnarfjarðar, styrkja eldri byggð og efla miðbæinn. Nýjar skipulagshugmyndir við Strandgötu og rammaskipulag inn að Flensborgarhöfn og út á Óseyrarsvæðið munu ýta undir blómlegt bæjarlíf og fjölbreytta þjónustu. Fyrirhugaðri byggingu Tækniskólans við Suðurhöfnina mun svo fylgja iðandi mannlíf og nýir straumar.

Kraftmikil uppbygging og sú fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram bera það með sér að varnarviðbrögð bæjaryfirvalda við efnahagslegum áhrifum heimsfaraldursins hafa skilað árangri. Markvisst aðhald og skynsamlegar ákvarðanir, eins og sala á 15% hlut bæjarins í HS Veitum, hafa veitt svigrúm til þess að snúa vörn í sókn. Áhersla hefur verið lögð á að verja hagsmuni íbúa án þess að skuldsetja bæjarfélagið, en bæjarsjóður Hafnarfjarðar tók engin lán á árinu 2021. Gert er ráð fyrir að skuldaviðmið verði um 97,7% í árslok 2021 en hlutfallið var 112% í árslok 2019 áður en heimsfaraldurinn skall á.

Lögð er áhersla á að halda álögum á íbúa áfram hóflegum og koma til móts við hækkun fasteignamats með lækkun fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði. Fasteignagjöld atvinnuhúsnæðis lækka á milli ára með lægri vatns- og fráveitugjöldum, en skattprósenta á atvinnuhúsnæði í Hafnarfirði er ein sú lægsta á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og hjá öðrum sveitarfélögum hefur umtalsverð hækkun kjarasamningsbundinna launa að undanfögnu mikil áhrif á reksturinn. Jafnframt hafa útgjöld vegna ýmiss konar félagslegrar þjónustu aukist verulega undanfarin ár, án þess að ríkissjóður hafi komið til móts við auknar skyldur sveitarfélagsins með fullnægjandi fjárframlögum.

Á árinu 2022 er stefnt að því að fjárfesta fyrir rúmlega fimm milljarða króna. Forgangsroðun er í þágu grunnþjónustu, svo sem umhverfismála, samgangna, íþróttaaðstöðu, húsnæðis og fráveitumála. Götur verða áfram lagðar í Hamranesi, sem nú er að byggjast upp, og hafin gatnagerð í nýju íbúðahverfi í Áslandi. Unnið verður að frágangi á nýbyggingarsvæðum með malbikun, gerð stétta, stíga og leiksvæða og almennt grænkun svæða. Gangstéttir og gönguleiðir víða í bænum verða endurgerðar og hjólreiðaleiðir bættar. Við Hvaleyrarvatn hefst vinna við framkvæmdir í samræmi við deiliskipulag með endurbótum aðgengismála, áningarsvæða, stíga og bilastæða. Sérstöku fjármagni verður ráðstafað til að fegra Hellisgerði fyrir 100 ára afmælisárið 2023. Endurnýjun gatnalýsingar með LED-væðingu lýkur að mestu á árinu 2022. Þá verður hafinn undirbúningur að nýjum leik- og grunnskóla í Hamranesi og lokið við endurnýjun grasvalla á félagssvæðum FH og Hauka, auk fjölmargra annarra framkvæmda.

Fjárhagsáætlun ársins 2022 liggur nú fyrir og sem fyrr er hún í tveimur hlutum. Annars vegar greinargerð og hins vegar tölulegur hluti sem inniheldur upplýsingar vegna samantekinna A- og B-hluta sveitarsjóðs, auk aðalsjóðs og annarra sjóða sveitarfélagsins.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2022

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta jákvæð um 842 milljónir króna
- Rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 106 milljónir króna
- Skuldaviðmið áætlað um 97,7% í árslok 2022
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta 886 milljónir króna eða 2,5% af heildartekjum
- Útsvarsprósenta óbreytt, eða 14,48%
- Fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði lækkaðir um tæplega 5% til þess að koma til móts við hækkun fasteignamats
- Lækkun vatns- og fráveitugjalda á atvinnuhúsnæði sem lækkar álögur á fyrirtæki um 145 milljónir króna
- Almennt gert ráð fyrir að gjaldskrá fyrir árið 2022 haldist óbreytt eða hækki um 2,5%, sem er innan væntra verðlagshækkana
- Áætlaðar fjárfestingar nema liðlega fimm milljörðum króna
- Kaup á félagslegum íbúðum áætluð fyrir um 500 milljónir króna
- Útgjöld vegna málefna fatlaðra aukast um 13% og nema liðlega fjórum milljörðum króna
- Sérstök innspýting til leikskóla Hafnarfjarðar í formi aukinna hlunninda starfsfólks, hækkunar á fastri yfirvinnu, styrkja og námskeiða nemur um 82 milljónum króna

Hafnarfjörður er þriðja stærsta sveitarfélag landsins, með heildarútgjöld sem nema um 34,6 milljörðum króna, áætlaðan launakostnað upp á 18,2 milljarða króna og áætlaðan fjármagnskostnað sem nemur um 1,3 milljörðum króna. Árið 2020 var rekstrarniðurstaðan jákvæð sem nam 2.264 milljónum króna og árið 2019 jákvæð sem nam 1.236 milljónum króna.

Í tæp tvö ár hefur starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar gengið æðrulaust til verka í skugga heimsfaraldurs með útsjónarsemi og seiglu að vopni. Enn og aftur sýnir starfsfólk bæjarins getu sína við að standa vörð um þjónustu við íbúa á óvissutímum. Hafnarfjarðarbær býr að miklum mannaúði og er ástæða til þess að þakka starfsfólki ómetanlegt framlag í þágu sveitarfélagsins. Það er gott að vita af slíkum hópi og ljóst að framtíð Hafnarfjarðar er svo sannarlega björt.

8. desember 2021



Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri

Forsendur áætlunar 2022–2025

Lagatlvísanir og skilgreiningar

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2022 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2023–2025 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A-hluta eru millifærslur vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum jafnaðar út á milli stofnana. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og eru fjármagnaðar með þjónustutekjum. Þau eru: Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarhöfn. Þar sem talað er um *Áætlun 2021* í þessari greinargerð er átt við áætlun með viðaukum fyrir árið 2021.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar og fasteignaskatt. Aðrar tekjur með skattaígildi eru lóðaleiga.

Útsvar

Útsvarshlutfall á árinu 2022 verður 14,48%. Áætlað er að brúttó útsvarstekjur nemi um 22,1 milljarði króna. Um 2,6 milljarðar króna ganga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, eða 1,76% af útsvarsstofni, þannig að nettó útsvarstekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar um 19,5 milljarðar króna. Auk þess er gert ráð fyrir um 350 milljónum króna í eftirágreitt útsvar.

Áætlun útsvarstekna er byggð á útkomuspá ársins 2021 en jafnframt er tekið tillit til almennra forsendna á vinnumarkaði og fjölgunar íbúa. Gert er ráð fyrir 5,4% hækkun launavísitölu á árinu 2022 og fjölgun íbúa um 2,2%. Verulega dró úr atvinnustigi á árinu 2020 og 2021 vegna Covid-19 en gert er ráð fyrir að atvinnuleysi minnki jafnt og þétt út áætlunartímabilið. Á grundvelli þessara gagna er gert ráð fyrir um 4,6% hækkun útsvars milli útkomuspár 2021 og 2022.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

Hafnarfjarðarkaupstaður fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna grunnskóla, tónlistarkennslu, nýbúafræðslu og þjónustu við fatlað fólk. Áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga liggur að mestu leyti fyrir og er gert ráð fyrir að fjárhæð framlaga nemi alls rúmum 3,2 milljörðum króna.



Fasteignagjöld

Stofn til útreiknings fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis á árinu 2022 miðast við fasteignamat eigna sem birt var 1. júní 2021. Endurmat ársins, matsbreytingar og nýjar eignir leiða til þess að matsstofn Hafnarfjarðarkaupstaðar breytist á milli ára, samanber eftirfarandi töflu:

Fasteignamat – þús. kr.	Fasteignamat 2022	Fasteignamat 2021	Hækkun %	Fasteignamat 2020
Íbúðareignir	604.176.006	553.704.525	9,1%	528.514.297
Atvinnueignir	158.606.188	147.266.532	7,7%	139.145.664
Stofnanir og samkomustaðir	35.893.405	31.443.725	14,2%	30.565.870
Samtals	798.675.599	732.414.782	9,0%	698.225.831

Fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækkaði um 7,8% á árinu 2021. Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði hækkar hins vegar í takt við verðlagsþróun, þar sem skatthlutfall er lækkað til að mæta hækkun fasteignamats. Fasteignaskattur lækkar úr 0,258% í 0,246%. Önnur gjöld eru óbreytt á milli ára.

Álagningarhlutföll fasteignaskatts og gjalda íbúðarhúsnæðis árið 2022 og aftur til 2019:

Íbúðarhúsnæði	Álagning 2022	Álagning 2021	Álagning 2020	Álagning 2019
Fasteignaskattar	0,246%	0,258%	0,26%	0,26%
Lóðaleiga	0,33%	0,33%	0,33%	0,33%
Holræsagjald	0,116%	0,116%	0,120%	0,129%
Vatnsgjald	0,052%	0,052%	0,054%	0,058%
Samtals	0,744%	0,756%	0,764%	0,777%

Tekjutengdur afsláttur fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega

Afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Tekjuviðmið hækka sem nemur hækkun launavísitölu tekjuárs, eða um 6,3% á árinu 2020. Við útreikning afsláttar í upphafi árs 2022 er stuðst við skattframtal ársins 2020 en afslátturinn er síðan endurskoðaður þegar skattframtal ársins 2021 liggur fyrir. Leiði endurskoðunin til breytinga á afslætti breytist hann vegna þeirra greiðslna sem eftir eru á árinu. Ekki er endurreiknað vegna greiðslna fram að því. Til tekna teljast bæði launatekjur (reitur 2.7. á skattframtali) og fjármagnstekjur (reitur 3.10. á skattframtali). Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og fólks í skráðri sambúð.

Tekjuviðmið einstaklinga:

Afsláttur	2021	2022
%	Einstaklingar	Einstaklingar
100%	0	6.358.000
75%	5.981.001	6.500.001
50%	6.115.001	6.641.000
25%	6.247.001	6.782.000

Tekjuviðmið hjóna og fólks í skráðri sambúð:

Afsláttur	2021		2022	
%	Hjón/fólk í skráðri sambúð		Hjón/fólk í skráðri sambúð	
100%	0	7.643.000	0	8.125.000
75%	7.643.001	8.175.000	8.125.001	8.690.000
50%	8.175.001	8.708.000	8.690.001	9.257.000
25%	8.708.001	9.237.000	9.257.001	9.819.000

Próun afsláttar fasteignagjalda síðustu ára og áætlaður heildarafsláttur 2022:

Tekjutengdur afsláttur fasteignagjalda	þús. kr.
2021 – áætlun	135.978
2021	111.486
2020	104.428
2019	89.549
2018	95.607
2017	45.385
2016	49.056
2015	33.136

Fasteignamat atvinnueigna hækkaði um 6,2% á milli ára. Fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði eru óbreytt og hafa lækkað umtalsvert frá árinu 2017 en voru áður óbreytt frá árinu 2011. Vatns- og fráveitugjöld lækka hins vegar samtals um 0,089 prósentustig frá fyrra ári.

Álagningarhlutföll fasteignaskatts og gjalda atvinnuhúsnæðis:

Atvinnuhúsnæði	Álagning 2022	Álagning 2019–2021	Álagning 2011–2017
Fasteignaskattar	1,40%	1,40%	1,65%
Lóðaleiga	1,17%	1,17%	1,30%
Holræsagjald	0,116%	0,167%	0,195%
Vatnsgjald	0,052%	0,09%	0,105%
Samtals	2,738%	2,827%	3,25%

Aðrar tekjur

Í frumvarpi að fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að gjaldskrá fyrir árið 2022 hækki almennt sem nemur áætlaðri vísitöluhækkun, eða um 2,5%. Gjaldskrá umhverfis- og skipulagsþjónustu hækkar í samræmi við hækkun byggingarvísitölu. Móttökugjöld SORPU bs. eiga að standa undir kostnaði við veitta þjónustu eins og lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 kveða á um. Gjöldin verða hins vegar óbreytt frá 2021, eða 49.089 krónur, þrátt fyrir að kostnaður hafi aukist umtalsvert. Bærinn á von á endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna framlaga til Sorpu, sem verður nýtt til að mæta kostnaðarauka.

Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá núverandi stöðugildum og starfsmönnum og tekur mið af gildandi kjarasamningum. Áætlað er fyrir væntum hækkunum og sett í varasjóði viðkomandi málaflokka til að mæta óvissuþáttum tengdum þeim. Jafnframt er tekið tillit til breytinga í starfsmannahaldi sem tengjast fjölda nemenda í leik- og grunnskólum, ásamt tillögum að breytingum sem gert er ráð fyrir í starfsmannahaldi á árinu 2022.

Launatengd gjöld eru reiknuð miðað við gildandi samninga og lög. Launaáætlun var unnin af stjórnendum bæjarins í launaáætlunarkerfi H3.

Lífeyrisskuldbindingar

Breyting á lífeyrisskuldbindingum er áætluð um 1.069 milljónir króna á árinu 2022. Á árinu 2012 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindinguna og er gert ráð fyrir að sú greiðsla nemi um 550 milljónum króna á árinu 2022. Byrjað var að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindingu Byrs vegna fyrrverandi starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar á árinu 2016 og eru um 90 milljónir króna af áætluðum heildargreiðslum 2022 vegna Byrs. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga Byrs eru gerðar með fyrirvara um niðurstöðu dómstóla, en Hafnarfjarðarkaupstaður mótmælir því að bænum beri að greiða þessa skuldbindingu. Gert er ráð fyrir að lífeyrisskuldbinding bæjarins verði um 15,9 milljarðar króna í árslok 2022. Til samanburðar eru heildarlaunagreiðslur sveitarfélagsins með launatengdum gjöldum á árinu 2022 áætlaðar 18,1 milljarðar króna. Af lífeyrisskuldbindingu eru um 3,1 milljarðar króna vegna lífeyrisskuldbindinga fyrrverandi starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar/Byrs og um 216 milljónir króna vegna Hafnarsjóðs.

Annar kostnaður

Almennur rekstrarkostnaður sem er tengdur verðlagsforsendum samkvæmt samningum hefur verið uppfærður í takt við verðlagsbreytingar. Útgjöld hafa verið aukin þar sem um aukinn þjónustubunga er að ræða en almennt er ekki gert ráð fyrir auknu fjármagni í ný verkefni á árinu 2022 önnur en fram koma í greinargerð viðkomandi málaflokks.

Á árinu 2021 var farið gaumgæfilega ofan í alla samninga sveitarfélagsins og sett á laggirnar innkauparáð skipað þremur kjörnum fulltrúum: fjármálastjóra, innkaupastjóra og sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs.

Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur eru áætlaðar í samræmi við rauntölur ársins 2021 og tekið er tillit til 22% fjármagnstekjuskatts. Viðskiptareikningar innan samstæðu eru ekki vaxtareiknaðir fyrir utan stöðu milli Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarhafnar. Innlend verðtryggð lán hafa verið uppreiknuð miðað við 3% vísitöluhækkun. Lánasafnið er vaxtareiknað miðað við vaxtakjör lánasamninga. Áætlun gerir ráð fyrir að 500 milljón króna fjárfesting húsnæðisskrifstofu í nýju húsnæði verði fjármögnuð með lántöku. Gert er ráð fyrir að leigugreiðslur standi undir afborgunum og vöxtum af lánum húsnæðisskrifstofu.

Áætlun gerir ráð fyrir að tekið verði lán í A-hluta fyrir um 850 milljónir en hins vegar er gert ráð fyrir að fjármögnun lánastofnana lækki um rúmar 200 milljónir á árinu í heildina, þar sem afborganir lána vega þyngra. Þannig er gert ráð fyrir að skuldaviðmið verði tæp 98% í árslok 2022 en til samanburðar var hlutfallið 101% í árslok 2020.

Fyrirvarar og óvissuþættir

Áhrifa Covid-19 faraldursins gætir enn og útsvarstekjur hafa ekki aukist í takt við launahækkunir vegna aukins atvinnuleysis og fækkunar vinnustunda. Enn er nokkur óvissa um hversu hratt hagkerfið nær að rétta úr kútnum og hver vöxtur útsvarstekna verður á tímabilinu. Nýgerðir kjarasamningar eru þungir fyrir grunnrekstur sveitarfélaga og einnig hefur þjónusta þyngst umtalsvert í málaflokki fatlaðs fólks. Lögð er áhersla á að viðhalda þeim árangri sem hefur náðst í lækkun skuldaviðmiðs þrátt fyrir íþyngjandi rekstrarumhverfi. Kjarasamningar kennara eru lausir um áramót og því ríkir óvissa um launaþróun á því sviði. Einnig ríkir óvissa um hagvaxtarákvæði lífskjarasamnings.

Þriggja ára áætlun 2023–2025

Þriggja ára áætlun sveitarfélagsins tekur mið af verðlagsbreytingum í samræmi við þjóðhagsspá sem notuð var til grundvallar frumvarpi til fjárlaga 2022. Útsvarstekjur ráðast af fjölda íbúa, launaþróun, atvinnuþátttöku og atvinnustigi, en hér er gert ráð fyrir hækkun tekna um 5,9%–7,5% á ári. Áætlaðar tekjur vegna fasteignaskatta og lóðaleigu hækka í takt við vísitölu að viðbættum nýjum eignum, sem fjölgar umtalsvert, eða um tæp 9% á ári. Annar rekstrarkostnaður eykst í samræmi við vísitölu neysluverðs í þjóðhagsspá og aukna þjónustu í kjölfar fjölgunar íbúa. Laun og launatengd gjöld hækka í takt við launavísitölu samkvæmt þjóðhagsspá. Fjármagnsliðir og afborganir lána eru áætluð í samræmi við lánasamninga og nýjar lántökur.

Mannauður

Heildarfjöldi stöðugilda hjá Hafnarfjarðarkaupstað:

Hafnarfjarðarkaupstaður	Fjöldi stöðug. 2022	Fjöldi starfsm. 2022	Fjöldi stöðug. 2021	Fjöldi starfsm. 2021	Fjöldi stöðug. 2020
Fjölskyldu- og barnamálasvið	282,95	531	251,6	502	216,3
Mennta- og lýðheilsusvið	1.256	1.540	1.208	1.445	1.187
Fjármálasvið	18	18	18	18	18
Stjórnsýslusvið	12	14	12	14	12
Þjónustu- og þróunarsvið	40,4	29	39,4	28	39,4
Umhverfis- og skipulagssvið	48,5	49	47,5	48	45,5
Hafnarfjarðarhöfn	14	14	13	13	13
	1.672	2.195	1.590	2.068	1.531

Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki

A- og B-hluti

- Áætlað er að heildartekjur fyrir A- og B-hluta á árinu 2022 verði um 35,5 milljarðar króna og að áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði verði um 33,3 milljarðar króna. Af heildartekjum eru rúmlega þrír milljarðar króna vegna tekjufærða gatnagerðagjalda. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 2,2 milljarðar króna. Fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir sem nemur tæplega 1,4 milljörðum króna, þannig að áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2022 er jákvæð um 842 milljónir króna.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 66,7 milljarðar króna í árslok 2022. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 48,8 milljarðar króna og eigið fé um 17,9 milljarðar króna. Skuldaviðmið er áætlað tæp 98% í árslok 2022.
- Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu sveitarfélaga til að standa við skuldbindingar sínar utan rekstrar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri til fjárfestinga og til að greiða skuldir. Á árinu 2022 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 886 milljónir króna, sem eru um 2,5% af heildartekjum. Tekjufærðar lóðir færast meðal fjármögnunarliða en ekki sem veltufé frá rekstri, sem útskýrir lágt hlutfall.

Samantekið yfirlit yfir rekstur, efnahagsreikning og sjóðstreymi:

A- og B-hluti – m.kr.				
	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2019
Rekstrarreikningur				
Tekjur	35.465	30.903	30.983	28.543
Gjöld	(33.325)	(30.518)	(29.457)	(25.755)
Fjármagnsliðir	(1.298)	(1.351)	(2.606)	(1.552)
Söluhagnaður			3.344	
Rekstrarniðurstaða	842	(966)	2.264	1.236
Efnahagsreikningur				
Eignir	66.810	62.921	66.915	59.536
Eigið fé	17.875	15.079	16.914	14.236
Skuldir og skuldbindingar	48.935	47.842	50.000	45.300
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	886	1.301	1.614	3.396



A-hluti

- Í áætlun 2022 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A-hluta sé jákvæð fyrir afskriftir og fjármagnsliði um rúmlega 1,1 milljarð króna.
- Áætlaðar rekstrartekjur A-hluta eru um 33,1 milljarður króna og áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði eru 32,0 milljarðar króna. Af heildartekjum eru rúmlega þrír milljarðar króna vegna tekjufærðra gatnagerðargjalda. Fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir um liðlega einn milljarð króna. Áætluð rekstrarniðurstaða A-hluta verður því jákvæð um 106 milljónir króna.
- Heildareignir A-hluta í árslok 2022 eru áætlaðar um 53,5 milljarðar króna, skuldir um 44,7 milljarðar króna og eigið fé um 8,8 milljarðar króna.
- Áætlað veltufé frá rekstri A-hluta er neikvætt um 374 milljónir króna. Tekjufærðar lóðir færast meðal fjármögnunarliða en ekki sem veltufé frá rekstri, sem útskýrir lágt hlutfall.

Samantekið yfirlit yfir rekstur, efnahagsreikning og sjóðstreymi:

A-hluti – m.kr.				
	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2019
Rekstrarreikningur				
Tekjur	33.126	28.712	28.857	26.458
Gjöld	(32.006)	(29.378)	(28.315)	(24.782)
Fjármagnsliðir	(1.014)	(1.067)	(2.269)	(1.250)
Söluhagnaður			3.344	
Rekstrarniðurstaða	106	(1.733)	1.617	426
Efnahagsreikningur				
Eignir	53.581	50.280	55.515	48.369
Eigið fé	8.782	6.595	9.269	7.238
Skuldir	44.799	43.685	46.246	41.131
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	(374)	45	424	2.138

Aðalsjóður

Aðalsjóður annast reglubundinn rekstur málaflokka sem er fjármagnaður með skatttekjum og þjónustutekjum. Rekstraráætlun gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða aðalsjóðs fyrir fjármagnsliði innri viðskipta verði neikvæð um 2.565 milljónir króna.

Rekstraryfirlit:


Aðalsjóður – m.kr.				
	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2019
Rekstrarreikningur				
Tekjur	31.428	28.969	31.695	27.202
Gjöld	(34.506)	(30.981)	(31.352)	(26.211)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	(2.565)	(2.012)	343	991

Helstu útgjaldabreytingar í rekstri málaflokka á milli ára:

Rekstur málaflokka aðalsjóðs					
	Áætlun	Hlutfall af	Áætlun með viðaukum		Ársreikningur
Fjárhæðir í m.kr.	2022	skatttekjum	2021	Mismunur	2020
Skatttekjur	27.924		25.514	2.410	24.457
Fjölskylduþjónusta	(6.363)	22,8%	(5.530)	(833)	(4.346)
Fræðslu- og uppeldismál	(16.378)	58,7%	(14.579)	(1.799)	(13.326)
Menningarmál	(606)	2,2%	(540)	(66)	(480)
Æskulýðs- og íþróttamál	(2.914)	10,4%	(2.940)	27	(2.052)
Brunamál og almannavarnir	(310)	1,1%	(296)	(14)	(240)
Hreinlætismál	(93)	0,3%	(24)	(70)	(17)
Skipulags- og byggingarmál	(149)	0,5%	(138)	(12)	(110)
Umferðar- og samgöngumál	(1.126)	4,0%	(1.071)	(54)	(953)
Umhverfismál	(195)	0,7%	(184)	(10)	(146)
Atvinnumál	(23)	0,1%	(113)	90	(55)
Sameiginlegur kostnaður	(2.832)	10,1%	(2.591)	(241)	(2.271)



Hlutfall málaflokka af heildarútgjöldum:



Fjölskyldu- og barnamálasvið

Mikið hefur reynt á velferðarþjónustu sveitarfélaga á tímum Covid-19. Lögð hefur verið áhersla á að vernda viðkvæmstu hópana: eldri borgara, fatlað fólk, börn og barnafjölskyldur. Nokkuð vel hefur tekist til og má þakka það breyttu vinnulagi í þjónustu við börn, áherslu á virkni og endurhæfingu, útsjónarsemi starfsfólks og að lokum svokölluðum Covid-styrkjum ríkisstjórnarinnar til sveitarfélaga vegna afleiðinga heimsfaraldursins. Þetta hefur mildað áhrif Covid-19.

Ný búsetuúrræði fyrir fatlað fólk verða tekin í notkun á árinu 2022. Flutt verður í foreldrarekinn búsetukjarna í Stuðlaskarði vorið 2022, en þar munu búa sex íbúar. Búsetukjarni er í byggingu á Kjalarnesi og hefur Hafnarfjarðarbær samið um nýtingu tveggja íbúða í kjarnanum. Auk þess verður nýr búsetukjarni að Öldugötu í fullum rekstri allt árið 2022. Áætlaður kostnaðarauki vegna þessa er um 185 milljónir króna.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna hækka á árinu 2022. Áætluð kostnaðaraukning er 5,5 milljónir á árinu.

Stefnt er að samvinnu milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur um ráðningu verkefnastjóra vegna heimilislausra. Hlutverk hans yrði að samræma aðgerðir á höfuðborgarsvæðinu og koma með tillögur að lausnum. Áætlaður kostnaður fyrir Hafnarfjörð yrði 3,6 milljónir króna.

Grunnvíðmið tekjutengingar verða hækkuð í 351.000 kr. úr 322.000 kr. Þetta leiðir af sér að fleiri sem eru tekjulágir munu falla undir hærri afsláttarkjör vegna heimaþjónustu. Víðmið varðandi frístundastyrk hækkar í hlutfalli við þessa hækkun og geta þá fleiri nýtt sér frístundastyrk en áður.

Öldungaráð, Ráðgjafarráð fatlaðs fólks og Fjölmeningarráð eru notendaráð sem heyra undir fjölskyldu- og barnamálasvið. Starfsmenn sviðsins eru tengiliðir við ráðin og kallar fjölskylduráð reglulega eftir áliti þeirra og umsögnum í málum er varða hagsmuni viðkomandi aðila. Einnig er kallað eftir aðkomu notendaráðanna við fjárhagsáætlunargerð ár hvert. Afar mikilvægt er að hlúa að starfi notendaráða og munu þau fá heimild til að fjölga fundum á nýju fjárhagsári.

Gjöf til nýfæddra Hafnfirðinga, Krúttkarfan, er nýtt verkefni sem fer af stað á nýju fjárhagsári. Áætlaður kostnaður á árinu er 5,6 milljónir króna.

Fjárheimildir fjölskyldu- og barnamálasviðs hækka frá áætlun 2021 um 799,9 milljónir króna og fara samkvæmt áætlun 2022 upp í 6.393 milljónir króna. Hækkunin er um 14% milli ára og nemur nú 22,8% af skatttekjum sveitarfélagsins. Munar þar mestu um aukinn kostnað vegna tveggja nýrra búsetukjarna, sem og hækkun launa vegna starfsmats og breytinga á vinnutímafyrirkomulagi í vaktavinnustörfum vegna styttingar vinnuvikunnar á árinu 2021. Gert er ráð fyrir að fjárhagsaðstoð aukist um 19%, auk þess sem gert er ráð fyrir hækkun vistgjalda vegna barnaverndar.

Þjónusta við fatlað fólk er sá málaflokkur sem varið er mestum fjármunum í, eins og fyrri ár, og fara 63,4% af fjármagni sviðsins til þessa málaflokks. Þess má geta að

framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, viðbótarframlag frá útsvari og tekjur frá öðrum sveitarfélögum sem nýta þjónustuna eru um tveir milljarðar króna.

Skrifstofa fjölskyldu- og barnamálasviðs

Á skrifstofu sviðsins hækkar launakostnaður um 2% milli áætlana 2021 og 2022. Er hér um eðlilega launaþróun að ræða.

Fjölskyldu- og skólaþjónusta Brúarinnar

Sveitarfélagið hóf að þróa verklag Brúarinnar árið 2018. Allir skólar og leikskólar eru nú orðnir aðilar að þessari nýju nálgun. Markmið Brúarinnar er að samþætta þjónustu fjölskyldu- og barnamálasviðs og mennta- og lýðheilsusviðs og veita aukna þjónustu á fyrri stigum. Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna taka gildi um næstu áramót og er um að ræða tímamótalöggjöf sem hefur mikil áhrif á þjónustu sveitarfélaga við börn og fjölskyldur. Brúin er að grunni til fyrirmynd að þessari nýju sýn. Hafnarfjarðarbær hefur nú þegar innleitt og lagað vinnu sína í þágu fjölskyldna að nýjum lögum. Vinna við að þróa og efla Brúna heldur þó áfram næstu árin, en gert er ráð fyrir að innleiðing laganna taki a.m.k. þrjú ár. Efla þarf stuðning og úrræði fyrir fjölskyldur og verður lögð áhersla á það. Fjármagn mun koma frá ríki í samhlíða innleiðingu laganna, bæði til að styðja við tengiliði og málstjóra sveitarfélagsins og til að efla þau úrræði sem nauðsynlegt er að séu fyrir hendi til þess að árangur náist. Á nýju ári kemur í ljós hvernig ríkið útdeilir fjármagni til sveitarfélaganna vegna þessara nýju verkefna.

Fjárhagsaðstoð

Að meðaltali hafa 134 einstaklingar fengið fjárhagsaðstoð á mánuði frá janúar til september 2021 og er fjölgun um átta einstaklinga frá 2020. Gert er ráð fyrir sömu þróun árið 2022 sem kallar á 47 milljón kr. aukningu í fjárhagsáætlun. Áfram verður lögð áhersla á aukna virkni þeirra sem leita eftir fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu. Óflug samvinna er m.a. við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar, Virk, Vinnumálastofnun, Fjölsmiðjuna og fleiri. Virkniráðgjafi hefur verið starfandi á sviðinu og verður svo áfram í ljósi þessara áherslna. Í reglum sveitarfélagsins er gert ráð fyrir árlegri hækkun fjárhagsaðstoðarkvarða í samræmi við neyslúvísitölu. Nú er kvarðinn 190.550 krónur fyrir einstakling og 304.880 krónur fyrir sambúðarfólk og hækkar hann reglum samkvæmt 1. janúar 2022.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Í kjölfar breyttra reglna varðandi sérstakan húsnæðisstuðning þar sem leigjendur í félagslegu húsnæði fengu rétt til stuðningsins fjölgaði þeim sem þiggja sérstakan húsnæðisstuðning. Í ljósi þess er gert ráð fyrir aukningu fjármagns um 35% á milli árána 2021 og 2022, eða um 55,7 milljónir króna.

Barnavernd

Vistunarkostnaður í barnavernd heldur áfram að aukast. Börn með fjölþættan vanda og fjölskyldur þeirra þurfa mikinn stuðning. Úrræði sem áður voru á hendi ríkisins hafa



færst til sveitarfélaga. Þess er að vænta að í framhaldi af nýrri löggjöf um farsæld barna og úrræði þeim tengd verði breyting á þannig að umræddur kostnaður sem sligar mörg sveitarfélög verði tekinn til endurskoðunar.

Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir aukningu útgjalda til barnaverndar um 26% og er áætlunin byggð á þeim kostnaði sem fyrirsjáanlegur er næsta árið. Þess er vænst að hagræðing náist í ljósi úttektar og einnig að árangur af starfi Brúarinnar gæti farið að koma í ljós í vistun barna á næstu árum. Hér er um mjög viðkvæman málaflokk að ræða og mikilvægt að vakta þróunina vel í ljósi Covid-19. Einnig er vert að geta þess að á árinu 2020 var samið við tvö einkaheimili í sveitarfélaginu um vistun barna skv. 84. gr. barnaverndarlaga, sem fjallar um úrræði á vegum sveitarfélaga.

Þjónusta við eldri borgara

Eldri borgurum fjölgar í samfélaginu og er mikilvægt að standa vörð um og þróa þjónustu við þennan hóp. Fyrirbyggjandi áherslur hafa verið í forgrunni í þjónustunni og má þar nefna frístundastyrki fyrir eldri borgara, sem hafa verið við lýði til margra ára. Lögð er áhersla á heilsueflingu eldri borgara og svokallað Janusarverkefni, sem hefur staðið eldri borgurum til boða síðan árið 2017. Samningurinn um heilsueflinguna var á vormánuðum 2021 framlengdur um tvö ár. Sú lýðfræðilega þróun sem fjölgun eldri borgara felur í sér kallar á nýjar leiðir og öflugri þjónustu. Bætt heilsa eldri borgara hefur ekki einungis jákvæð áhrif á líf þeirra sem hlut eiga að máli. Hún er einnig þjóðhagslega hagkvæm, þar sem aldraðir geta lengur búið í sjálfstæðri búsetu án stuðnings frá félagsþjónustu sveitarfélaga eða heilbrigðisþjónustu á vegum ríkisins. Þegar hugað er að stefnumörkun til næstu ára hafa verið settar fram þær hugmyndir að efla enn frekar fyrirbyggjandi og styðjandi þjónustu við þennan hóp. Aðstoð við heimahreyfingu er verkefni sem skilar auknum lífsgæðum og verður liður í stefnumörkun í þjónustunni. Horfa verður til velferðartækni í þróun þjónustu við eldri borgara. Nýting ýmiss konar tæknilausna og nýsköpunar við framkvæmd þjónustunnar, meðal annars til að viðhalda og auka færni aldraðra, getur aukið líkur á því að þeir geti búið lengur heima og þurfi síður að dvelja á hjúkrunarheimilum.

Mikilvægt er að efla sérþekkingu innan fjölskyldu- og barnamálasviðs á málafnum eldri borgara og leitað verður leiða til að fá starfsmann með slíka sérhæfingu. Mikilvægt er að styðja við þann hóp eldri borgara sem þarf stuðning og þjálfun í daglegu lífi. Starfsfólk fjölskyldu- og barnamálasviðs sem starfar að þjónustunni fær fræðslu og þjálfun þannig að ávallt sé veitt fagleg og öflug þjónusta. Áfram verður virkt samstarf við Félag eldri borgara og Öldungaráð. Á árinu 2022 verður um 551,3 milljónum varið í þjónustu við eldri borgara.

Ánægjuleg uppbygging er á Sólvangsreitnum. Nýtt 60 rýma hjúkrunarheimili tók til starfa fyrir tveimur árum. Almenn dagdvöl og sérhæfð dagþjálfun fyrir heilabilaða eru starfandi í gamla Sólvangshúsinu. 39 endurhæfingar- og hvíldarrými verða þar einnig og tekur sú starfsemi til starfa um áramótin auk þess sem 11 ný hjúkrunarrými verða komin í rekstur á sama tíma. Marmiðið er að efla getu fólks til að búa lengur heima og draga úr líkum á alvarlegum heilsubresti sem krefst þjónustu á bráðamóttöku eða innlagnar á spítala. Gert er ráð fyrir að hægt verði að veita um 250 einstaklingum þjónustuna árlega. Sóltún ehf. er rekstraraðili þessarar þjónustu. Sólvangur er með sanni orðinn miðstöð öldrunarþjónustu.

Þjónusta við fatlað fólk

Þjónusta við fatlað fólk er umfangsmesta þjónusta fjölskyldu- og barnamálasviðs. Fjármagn sem varið er í málaflokkinn 2022 er 4.034 milljónir króna og er þar um 13% aukningu að ræða eða 478 milljónir króna. Munar þar mestu um nýja búsetukjarna í Stuðlaskarði og Andrastaði á Kjalarnesi. Auk þess verður nýr búsetukjarni að Öldugötu í fullum rekstri allt árið. Hækkun vegna launa er töluverð vegna styttingar vinnuviku og fjölga hefur þurft stöðugildum af sömu ástæðu. Einnig má nefna að fjölga þarf stöðugildum í Geitungum, Klettinum og Vinaskjóli vegna fjölgunar notenda.

Kostnaður vegna liðveislu hækkar á árinu 2022 um 51%. Hér er um að ræða úrræði sem styður við sjálfstæða búsetu fatlaðs fólks og rýfur félagslega einangrun. Lög um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sem samþykkt voru 2018, gera auknar kröfur til félagsþjónustu sveitarfélaga hvað þessa þjónustu varðar.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er orðin lögbundið þjónustuform og er í innleiðingu til ársins 2022.

Málefni útlendinga og umsækjenda um alþjóðlega vernd


Samningur er milli Hafnarfjarðarbæjar og Útlendingastofnunar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Samningurinn gerir ráð fyrir þjónustu við allt að 100 einstaklinga á hverjum tíma. Samningurinn er liður í því hlutverki stjórnvalda að tryggja þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á meðan mál þeirra eru til meðferðar hjá íslenskum stjórnvöldum. Fyrir þjónustu sem veitt er á grundvelli samningsins greiðist daggjald, auk þess sem Útlendingastofnun greiðir Hafnarfjarðarkaupstað árlegt fastagjald fyrir þjónustuna. Greiðslur frá Útlendingastofnun standa straum af launa- og rekstrarkostnaði. Fimm starfsmenn á skrifstofu fjölskyldu- og barnamálasviðs sinna þjónustusamningnum. Auk þess heyrir undir deildina þjónusta við einstaklinga og fjölskyldur sem fá stöðu eftir umsóknarferli, sem og þjónusta við fylgdarlaus börn. Samningur við Útlendingastofnun stendur að fullu undir þessum kostnaði. Á árinu 2021 var skrifað undir samning við félagsmálaráðuneytið um samræmda móttöku flóttamanna. Samningurinn er til eins árs og verður endurskoðaður vorið 2022. Samningurinn felur í sér að sveitarfélagið fær greiðslur vegna þeirra einstaklinga sem fá stöðu flóttamanns eftir hælismeðferð og einnig greiðslur vegna kvótaflóttamanna sem koma til landsins. Samningurinn gerir ráð fyrir tveimur stöðugildum til að sinna þessum hópum.



Rekstraryfirlit:

Fjölskyldubjónusta – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikn. 2020
Tekjur:			
Þjónustugjöld	956	1.003	832
Samtals tekjur	956	1.003	832
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	3.365	3.040	2.633
Annar rekstrarkostnaður	3.983	3.493	3.202
Samtals gjöld	7.349	6.534	5.834
Rekstrarniðurstaða	(6.393)	(5.530)	(5.003)

Skipting fjármagns hjá fjölskyldu- og barnamálasviði í fjárhagsáætlun 2022:



Stöðugildi sviðsins og stofnana sem heyra undir sviðið:

Fjölskyldubjónusta	Stöðugildi 2022	Stöðugildi 2021	Stöðugildi 2020	Stöðugildi 2019	Stöðugildi 2018
Skrifstofa	25,8	24,8	24,5	23,5	22,4
Áfram verkefni/Brúin/Barnavernd	13,3	13,5	11,7	8	4,6
Þjónusta við aldraða	25,5	26,3	27,1	23	21
Þjónusta við fatlað fólk	213,4	182	162,52	151,7	138,7
Ýmis félagsþjónusta	4	5	6	2	
Samtals	281,95	251,6	231,8	208,2	186,7

Fjölskylduþjónusta	Fjöldi stöðug. 2022	Fjöldi starfsfólks 2022	Fjöldi stöðug. 2021	Fjöldi starfsfólks 2021	Fjöldi stöðug. 2020	Fjöldi starfsfólks 2020	Breyting stöðug. 2021/2020
Skrifstofa félagsþjónustu	25,8	28	24,8	26	24,5	27	0,3
Brúin	4	4	4	4	4	4	0
Áfram	6	6	6	8	5	5	1
Barnaverndarmál	3,8		3,5	12	2,7	12	0,8
Tómstundastarf aldraðra/mötuneyti	0,75	2	1,4	4	2,3	5	-0,9
Heimaþjónusta	21,2	30	21,4	32	21,3	32	0,1
Félagsþjónustan Hraunsel	3,5	4	3,5	4	3,5	4	0
Liðveisla	14,4	133	10,4	111	9,5	99	0,9
Málefni fatlaðs fólks	3	3	3	3	3	3	0
Atvinna með stuðningi/öryrkjar	10,1	21	12,7	27	12,7	26	0
Straumhvörf	12,1	20	10,4	22	10,1	17	0,3
Arnarhraun	15,2	24	12	13			12
Berjahlíð	10,8	19	9,3	18	9,3	13	0
Blikaás	11,7	20	10,3	19	10,5	19	-0,2
Öldugata	15	20	9,3	15	7,5	10	1,8
Erluás	8,1	14	7,5	14	7	11	0,5
Smárahvammur	8,9	12	7,5	12	7,7	12	-0,2
Steinahlíð	9,3	20	7,7	15	7,7	15	0
Svöluás	10,1	15	8,6	13	8,6	11	0
Svöluhraun	8,8	15	7,6	15	7,6	13	0
Lundur	8,2	20	7,5	21	6,3	14	1,2
Hnotuberg	10,2	16	8,8	17	8,8	14	0
Húsið	9,4	18	7,4	17	7,4	15	0
Kletturinn	5,7	7	3,4	6	3,4	6	0
Geitungar	15	17	13	16	11,2	13	1,8
Hæfingarstöðin Bæjarhrauni	11,5	13	11,5	13	11,5	13	0
Þjónustuíbúðir Drekaöllum	13,3	21	11,5	15	10,3	14	1,3
Lækur	2,6	3	2,6	5	2,6	5	0,1
Umsækjendur um alþjóðlega vernd	4	6	5	5	6	3	-1
Samtals	281,95	531	252	502	232	435	20



Mennta- og lýðheilsusvið

Undir mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðarkaupstaðar heyra málefni dagforeldra, leikskóla, grunnskóla, íþróttá og tómstunda, forvarna, lýðheilsu, tónlistarskóla og námsflokka Hafnarfjarðar. Yfirstjórn málefna mennta- og lýðheilsusviðs fer fram í gegnum sviðsskrifstofu hennar. Fjárheimildir sviðsins hækka í heild sinni úr 17,4 milljörðum króna í 19,2 milljarða króna, sem samsvarar 10% hækkun á milli ára, eða 1,8 milljörðum króna. Fjárheimild vegna fræðslu- og uppeldismála hækkar um 1,6 milljarða króna á árinu, um 11%, og til æskulýðs- og íþróttamála um 179 milljónir króna, eða um 6,7%.

Fræðslu- og uppeldismál

Sameiginlegur kostnaður

Áhersla mennta- og lýðheilsusviðs er á að styðja við og efla framúrskarandi og fjölbreytt skólastarf í leik-, grunn- og tónlistarskólum bæjarins, sem og íþróttá-, tómstunda-, félags- og forvarnastarf, á sem flestum sviðum í Hafnarfirði ásamt sterkri stoðþjónustu. Starfsumhverfi og markvisst starf sem miðar að því að börn og ungmenni vaxi og dafni í skapandi og styðjandi umhverfi er jafnan í forgrunni. Þar er einna helst lögð áhersla á að horfa á styrkleika einstaklinga, snemmbæran stuðning og árangur hvers og eins.

Forgangsröðun fjármagns

Undanfarin ár hefur verið lögð megináhersla á stuðning við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í gegnum skóla- og frístundastarf. Þar er horft til umhverfis barnsins og þarfa þess með það fyrir augum að snemmtækt, uppbyggilegt starf hlúi hvað best að frekari vellíðan og árangri, svo að síður þurfi að grípa til úrræða og einhvers konar inngripa á síðari tímum.

Ábyrgð og samhæfing þjónustukerfa og skilvirk ráðstöfun fjármuna þar sem áhersla er lögð á vellíðan, geðrækt, forvarnir og góða menntun eru áhersluþættir við gerð þessarar áætlunar. Snemmtækur stuðningur, fjölbreytileiki, stöðugar umbætur og gæðastarf, nám við allra hæfi, fjölbreytt menntasamfélag, læsi, hæfniþróun fagstétta í skólastarfi og rödd nemenda voru útgangspunktur við val á verkefnum ársins 2022. Mikilvægt er að skólar fái stuðning til að þróa skólastarf í samræmi við áherslur nýrrar menntastefnu og áskoranir í síbreytilegu samfélagi með útfærðum afmörkuðum verkefnum og aðgerðum.

Sérfræðingar og fagfólk þekkja þarfir sinna starfsstöðva best. Traust og trú er lögð á fagfólk og sérfræðinga við að útfæra verkefni í samstarfi innan sem utan skóla. Árangursrík starfsþróun byggir á faglegum grundvelli, lærdómssamfélagi og virkri þátttöku.

Fjölgun kennara í starfi er langtímaverkefni. Fjölga þarf nýnemum í kennaranámi, sporna við brotthvarfi þeirra og stuðla að því að nýútskrifaðir kennarar sjái framtíð í því að starfa í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar.



Hafnarfjarðarbær er meðvitaður um hækkandi meðalaldur kennara og brotthvarf nýútskrifaðra kennara úr kennslu, sem hefur áhrif á gæði náms og kennslu á báðum skólastigum. Því er lögð áhersla á eflingu námssamninga innan leikskólanna og að starfstengd leiðsögn við nýliða í kennslu verði fest í sessi.

Menntaflétta, samstarfsverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands, verði fest í sessi fyrir kennara og annað fagfólk í skóla- og frístundastarfi í Hafnarfirði með stuðningi úr þróunarsjóði.

Góð hæfni í lestri og ritun er mikilvæg forsenda læsis og liggur til grundvallar gagnrýnni hugsun, sköpun og skilningi. Einn mikilvægasti liður í því að auka árangur allra nemenda er að bæta læsi, hvort heldur lestrarkunnáttu eða læsi í víðum skilningi. Þar af leiðandi verði lestrarstefna Hafnarfjarðar „Lestu er lífsins leikur“ og þróunarverkefni um snemmbæran stuðning í leik- og grunnskólum eflað enn frekar með fjármagni úr þróunarsjóði. Kennurum og skólastjórnendum gefist tækifæri til að afla sér þekkingar um læsi og sköpun í víðustum skilningi og taki þátt í markvissu þróunarstarfi ásamt verkefnastjóra læsis.

Sköpun og framsækið skólastarf verða styrkt enn frekar með stofnun Tækni- og nýsköpunarseturs við Menntasetrið við Lækinn. Ráðinn verður starfsmaður sem starfar með mennta- og lýðheilsusviði við uppsetningu kjarnastarfsemi setursins, undirbýr stofnun þess og mun þjónusta alla skóla Hafnarfjarðar. Menntasetrið við Lækinn verður þá miðstöð sem eflir og hvetur skólana til nýsköpunar og ýtir undir framgang nýrra hugmynda með virkri þátttöku beggja skólastiga auk möguleika til að styðja við frumkvöðla og fyrirtæki. Sköpun er forsenda fjölbreytni til framtíðar í hafnfirsku skólakerfi og undirstaða að öflugum og fjölbreyttu starfi þeirra í takti við áskoranir nútíðar og framtíðar. Kjarnastarfsemi er þá öflug stuðningsþjónusta og þekkingarmiðlun fyrir nemendur, kennara, frumkvöðla og mögulega sprotafyrirtæki.

Hagsmunir barna hafðir að leiðarljósi

Stór þáttur í styrkingu leikskólastigsins er að tryggja að hagsmunir barna séu í forgrunni þegar leikskólastarf er skipulagt. Huga þarf að því að það sem barni er fyrir bestu sé ávallt haft í forgangi þegar ráðstafanir sem varða börn eru gerðar.

Sveigjanlegur vistunartími er aðgerð sem Hafnarfjarðarbær mun skoða með það fyrir augum að daglegur og árlegur dvalartími barna styttest. Dvalartími íslenskra barna er sá lengsti í heiminum samkvæmt Eurydice-skýrslu 2019 (Education, Audiovisual and Culture Executive Agency, 2019). Daglegur dvalartími barna í leikskólum hefur lengst jafnt og þétt á undanförunum áratugum. Með þessari nálgun er hugað að heilsu barna og komið til móts við starfsumhverfi allra í leikskólum. Með því að skilgreina dvalartíma barna sem klukkustundir á viku gefst kostur á sveigjanlegum dvalartíma dag frá degi. Foreldrar geta þá keypt mismargar klukkustundir á dag og þannig skapað svigrúm til þess að haga dvalartímanum í samræmi við vinnu sína svo að stytting vinnuviku skili sér einnig til barna sem og starfsfólks leikskóla.

Hlutfall stjórnunar aðstoðarleikskólastjóra verður aukið um 20–35% í hverjum leikskóla. Þessi aðgerð nær til nokkurra þátta er varða leikskólann. Með því að hækka hlutfall stjórnenda er faglegu starfi innan skólanna gefinn aukinn sess. Stjórnendur sinna skipulagi skólastarfsins dag frá degi, leiðbeina inn í fagstarf hvernar deildar og sinna snemmbærum stuðningi við nemendur með ólíkan menningarlegan bakgrunn



og tungumál. Leikskólar þurfa að vinna að margvíslegum leiðum til fjölbreytts, faglegs starf í oft erfiðu starfsumhverfi og með lágt hlutfall fagfólks.

Bæta á vinnuaðstöðu, snjalltæki og tölvubúnað leikskóla til að tryggja viðunandi aðstæður í leikskólum til undirbúnings og kennslu.

Menntastefna

Menntastefnu Hafnarfjarðar verði lokið á árinu og fjármagn úr þróunarsjóði tryggt til innleiðingar áherslupáttanna hennar.

Leikskólar og dagvistunarmál

Leikskólar og dagvistunarmál

- 75% afsláttur til starfsfólks leikskóla af leikskólagjöldum
- Hækkun stöðugilda aðstoðarleikskólastjóra um 20-35% í öllum leikskólum
- Bætt er í hlunnindi og styrki til leikskólastarfsmanna m.a með hækkun á fastri yfirvinnu allra og bíla- og símastyrk til stjórnenda
- Handleiðsla og námskeið starfsfólks leikskóla efla
- Hugað verður að stækkun leikskólans Smáralundar um eina deild með það fyrir augum að horfa til lækkunar á inntökualdri barna í 12 mánaða í skrefum næstu árin

Grunnskólar

- Systkinaafsláttur – annað systkini fær 25% afslátt af skólamat
- 20% aukning á fjármagni til listgreina og skapandi starfs
- Starfshópur um uppbyggingu skóla í Hamranesi verður settur af stað
- Tíðavörur verða aðgengilegar á mið- og unglingsstigi allra grunnskóla
- Hugað verður að aðstöðu ungmenna í opnum rýmum í þeim skólum þar sem bæta þarf aðstöðu

Frístunda-, tómstunda- og tónlistarstarf

- Lagt er til að gjaldskrá mennta- og lýðheilsusviðs hækki um 2,5% nema á einstaka miðum í sund og gufubað. Þar er lagt til að einn miði fyrir fullorðinn hækki um 100 kr., eða úr 700 kr. í 800 kr.
- Frítt verður í sund fyrir íþróttamenn meistaraflokks í Hafnarfirði út árið 2022.
- Ný félagsmiðstöð í Engidalsskóla hefur fulla starfsemi.
- Framlag Hafnarfjarðarbæjar vegna þátttöku sex ára barna í sumarnámskeiðum í frístundaheimili Hjalla
- Styrkur til Hauka til búnaðarkaupa í lyftingasal
- Hafist verði handa við að endurnýja hljóðfæri í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

Skólalþjónusta og önnur fræðslustarfsemi

- Dagforeldranámskeið sem áður voru í Námsflokkum Hafnarfjarðar flytjast á mennta- og lýðheilsusvið
- Sett verður af stað Nýsköpunar- og tæknisetur, staðsett í Menntasetrinu við Lækinn
- Aukið fjármagn verður sett til verkkaupa þverfaglegra fagstétta svo sem iðjubjálfa, talmeinafræðinga og sálfræðinga, til að koma til móts við aukið álag og eftirspurn eftir greiningum

Rekstraryfirlit:

Fræðsluþjónusta – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikn. 2020
Tekjur:			
Þjónustugjöld	1.125	1.106	983
Samtals tekjur	1.125	1.106	983
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	11.712	10.533	10.131
Annar rekstrarkostnaður	5.790	5.334	5.252
Samtals gjöld	17.502	15.867	15.383
Rekstrarniðurstaða	(16.378)	(14.761)	(14.401)



Stöðugildi og starfsmanna- og nemendafjöldi sviðsins og stofnana þess:

Leikskólar	Fjöldi stöðug. 2022	Fjöldi starfsfólks 2022	Fjöldi nemenda 2022	Fjöldi dval. gilda 2022	Fjöldi stöðug. 2021	Fjöldi starfsfólks 2021	Fjöldi nemenda. 2021	Fj. dval. gilda 2021
111 – Álfaberg	28,0	30	85	995	25,0	26	85	957
112 – Norðurberg	31,1	35	101	1.057	30,4	35	102	1.028
113 – Arnarberg	25,3	27	80	883	25,2	27	82	914
114 – Smáralundur	19,2	22	68	728	20,7	23	67	722
115 – Víðivellir	31,6	34	88	946	36,4	42	85	839
116 – Hvammur	33,2	39	123	1.263	35,1	41	121	1.188
118 – Hlíðarberg	26,6	32	95	950	28,0	30	90	934
119 – Vesturkot	20,8	24	68	753	18,2	21	68	681
121 – Hlíðarendi	24,6	26	84	881	23,4	26	84	901
122 – Hörðuvellir	21,5	22	71	811	21,1	23	71	728
123 – Álfasteinn	27,5	31	77	802	24,4	28	77	821
124 – Tjarnarás	25,1	28	80	858	24,2	28	80	845
125 – Stekkjarás	48,8	52	163	1.846	48,9	52	163	1.803
126 – Hraunvallaskóli	29,2	30	95	1.007	28,0	28	95	1.014
127 – Hamravellir	28,3	31	84	887	26,3	2	84	874
129 – Bjarkalundur	25,9	30	70	752	25,2	28	70	718
130 – Skarðshlíð	24,2	30	80	877	22,5	24	74	845
Samtals:	471,0	523	1.512	16.293	463,0	484	1.498	15.810



Fjöldi nemenda, kennslustunda og stöðugilda:

Grunnskólar	Fjöldi kennslustunda 2022	Fjöldi stg. í kennslu og stjórnun 2022	Fjöldi stg. annarra starfsm. 2022	Fjöldi nem. 2022	Fjöldi kennslustunda 2021	Fjöldi stg. í kennslu og stjórnun 2021	Fjöldi stg. annarra starfsm. 2021	Fjöldi nem. 2021
Lækjarskóli	1.202	51,4	11,7	448	1.202	48,2	13,5	457
Öldutúnsskóli	1.522	62	14,2	611	1.449	60,5	13,8	608
Víðistaðaskóli	1.233	54,8	10,3	506	1.240	58	10,5	535
Engidalsskóli	582	23,7	8,5	221	455	20,5	6,4	187
Setbergsskóli	1.112	42,5	16,4	421	1.140	44,8	15,2	436
Áslandsskóli	1.168	45,8	22,9	474	1.158	48,6	21,8	491
Hvaleyrarskóli	1.051	44,2	13,9	401	1.026	46,3	14	410
Hraunvallaskóli	1.857	65,4	29,7	664	1.745	67,8	26,7	701
Skarðshlíð	858	36,3	11,7	320	641	28,6	9,8	261
Barnaskóli Hjallastefnu								
Nú								
Samtals:	10.585	426	139	4.066	10.056	423	132	4.086

Önnur fræðslustarfsemi/stoðþjónusta	Stg. 2022	Stm. 2022	Stg. 2021	Stm. 2021	Stg. 2020	Stm. 2020
Skólaskrifstofa	9	9	5,9	6	5,8	6
Sérfræðiþjónusta	12,5	13	15,9	16	15,9	16
Menntasetrið	0	0	1	1	1	1
Tónlistarskóli	37,6	47	37,6	47	35,7	46
Lúðrasveit Víðistaðaskóla	0	0	0	0	2,4	4
Samtals	59,3	69	60,4	70	61,7	73

Íþróttta-, tómstunda- og lýðheilsumál

Yfirstjórn íþróttta- og tómstundamála fer í gegnum skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs. Fjárheimild hækkar um 179 milljónir króna milli ára, eða um 6,5%. Fjárheimild var 2,7 milljarðar króna árið 2021 en er áætluð 2,9 milljarðar króna fyrir árið 2022. Gert er ráð fyrir að launaliður Vinnuskóla Hafnarfjarðar fylgi öðrum launahækkunum í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar. Markmið Hafnarfjarðarbæjar árið 2021 var að tryggja að allir hafnfirskir unglingar og framhalds- og háskólanemar fengju sumarstarf. Alls stunduðu 1368 ungmenni störf í Vinnuskóla Hafnarfjarðar. Áætlunin fyrir sumarið 2022 gerir ráð fyrir að atvinnuástand meðal barna og námsmanna verði svipað og 2019, en reiknað er með að 80% allra nemenda í 8.-10. bekk starfi í Vinnuskólanum.

Hlutfall og fjöldi unglunga

Áætlun um fjölda unglunga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2022 og þróun tímakaups án orlofs:

	Fjöldi	Í skólum í Hfj. 2021-2022	Hlutfall (%) unglunga	Tímakaup 2020	Tímakaup 2021	Tímakaup 2022
8. bekkur	350	429	82%	624	668	714
9. bekkur	350	402	87%	832	891	952
10. bekkur	300	422	71%	1.039	1.113	1.190
Samtals	1.000	1.253	80%			

Tímakaup 2022 er ákveðið út frá kjarasamningum og launatöflum verkalýðsfélagsins Hlífar og tekur mið af launaflokki 117. Nemendur í 8. bekk fá 30% laun af þeim flokki, 9. bekkur 40% og 10. bekkur 50% eins og gert er hjá flestum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Áherslur 2022

- Að tryggja börnum og námsmönnum á framhalds- og háskólaaldri sumarvinnu í gegnum Vinnuskóla Hafnarfjarðar. Með því er spornað gegn brottfalli úr námi og þessum hópi tryggð virkni yfir sumarið.
- Virkir samningar eru milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og íþróttta- og tómstundafélaga. Rekstrarsamningar hækka að jafnaði um 2,5% vegna rekstrarhluta en um 5,4% vegna launahluta og þjónustusamninga.
- Árskort greitt fyrir iðkendur Brettafélagsins í Bláfjöll.
- Rekstrarsamningur verður uppfærður við Hestamannafélagið Sörla vegna nýs félagshestshúss.
- Verkefni vegna Heilsuþjálfunar Hafnarfjarðar tilheyra sviðinu en verkefnin eru þverfagleg og tengjast mörgum sviðum Hafnarfjarðarkaupstaðar. Meðal helstu verkefna sem eru fyrirhuguð árið 2022 eru fræðslukvöld í Bæjarbíói, sjálfsstyrkingar- og vímuvarnaverkefni í unglingadeildum með fræðslu fyrir foreldra, fræðsla og forvarnir um geðsjúkdóma, fræðsla gegn rafrettunotkun, ratleikur í upplandinu, merkingar íþróttamannvirkja og menningar- og

heilsugöngur næsta sumar. Áætlað er að 10 milljónir króna renni í verkefni Heilsubæjarins Hafnarfjarðar.

- Formleg starfsemi nýrrar félagsmiðstöðvar í Engidalsskóla hefst, en hún er til komin vegna stækkunar miðdeildar.
- Opnunartími Músik og mótör lengist og starfsemin er hluti af rekstri ungmennahússins Hamarsins.
- Forvarnarverkefnið Build fer fram hjá öllum í 8. bekk í Hafnarfirði.
- Foreldrafélög grunnskóla fá styrk til að halda námskeið og fræðslu til foreldra til að styrkja þá í hlutverki sínu. Bekkjarfulltrúanámskeið og SAFT-fræðsla Heimilis og skóla til allra grunnskóla.

Framlög til íþróttafélaga í þúsundum króna:

	2021			2022		
	Samtals	Rekstur	Þjónusta	Samtals	Rekstur	Þjónusta
Fimleikafélag Hafnarfjarðar						
Íþróttamiðstöð Kaplakrika	130.503	130.503		136.226	136.226	
Knatthúsið Kaplakrika (Risinn) / Skessan	41.730	41.730		43.560	43.560	
Þjónustusamningur	19.687		19.687	20.705		20.705
Kaplakrikavöllur – sláttur og umhirða	5.474	5.474		5.611	5.611	
	197.394	177.707	19.687	206.101	185.396	20.705
Knattspyrnufélagið Haukar						
Íþróttamiðstöð Ásvöllum	131.270	131.270		137.026	137.026	
Þjónustusamningur	16.287		16.287	13.539		13.539
Íþróttasvæði Ásvöllum – sláttur og umhirða	4.469	4.469		4.580	4.580	
	152.026	135.738	16.287	155.145	141.606	13.539
Fimleikafélagið Björk						
Íþróttamiðstöð Bjarkar	33.829	33.829		35.312	35.312	
Þjónustusamningur	12.888		12.888	13.539		13.539
	46.717	33.829	12.888	48.851	35.312	13.539
Badmintonfélag Hafnarfjarðar						
Íþróttahúsið við Strandgötu	43.263	43.263		44.972	44.972	
Þjónustusamningur	4.813		4.813	5.042		5.042
	48.076	43.263	4.813	50.014	44.972	5.042
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar						
ÍBH – skrifstofa	11.776		11.776	12.070		12.070
ÍBH – styrkir	22.220		22.220	22.880		22.880
	33.996	0	33.996	34.950	0	34.950
Önnur félög						
Golfklúbburinn Keilir	9.858	6.915	2.943	10.159	7.087	3.071
Hestamannafélagið Sörli	18.749	15.806	2.943	18.571	16.201	2.371

Siglingaklúbburinn Þytur	9.249	6.306	2.943	8.834	6.464	2.371
Hamarsvöllur – sláttur og umhirða	4.469	4.469		4.580	4.580	
Skátafélagið Hraunbúar	9.906	9.906		10.344	10.344	
Íþróttafélagið Fjörður	1.614	541	1.074	1.655	554	1.100
Sundfélag Hafnarfjarðar	8.552		8.552	7.012		7.012
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	400	400		400	400	
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar	2.943		2.943	3.071		3.071
Skákfélag Hafnarfjarðar	200	200		200	200	
Golfklúbburinn Setbergi	800	800		800	800	
Kvartmíluklúbbur Hafnarfjarðar	400	400		400	400	
Íþróttafélag Hafnarfjarðar	600	600		600	600	
Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar	1.574	500	1.074	900	500	400
Bridgefélag Hafnarfjarðar	200	200		200	200	
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar	400	400		400	400	
Brettafélag Hafnarfjarðar	11.112	4.429	6.683	11.636	4.623	7.012
Bogfímifélagið Hrói Höttur	400	400		400	400	
Bláfjallasvæði	165.686	27.845	137.841	175.084	28.934	146.150
Sambo80	400	400		400	400	
Blakfélag Hafnarfjarðar	400	400		400	400	
Listdansskóli Hafnarfjarðar	400	400		400	400	
Tennisfélag Hafnarfjarðar	400	400		400	400	
Pílufélag fatlaðra	400	400		400	400	
	249.112	82.115	166.997	257.246	84.688	172.559
Samtals	727.320	472.652	254.668	752.307	491.974	260.333

Rekstraryfirlit:

Íþróttá-, tómstunda- og lýðheilsumál – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikn. 2020
Tekjur:			
Þjónustugjöld	638	621	574
Samtals tekjur	638	621	574
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	1.054	910	936
Annar rekstrarkostnaður	2.498	2.446	2.235
Samtals gjöld	3.552	3.356	3.171
Rekstrarniðurstaða	(2.914)	(2.735)	(2.598)

Fjöldi stöðugilda og starfsmanna:

Íþrótta-, tómstunda- og lýðheilsumál	Fjöldi stöðugilda 2022	Fjöldi starfsmanna 2022	Fjöldi barna 2022	Fjöldi stöðugilda 2021	Fjöldi starfsmanna 2021	Fjöldi barna 2021
Skrifstofa æskulýðsmála	3	3	-	3	3	-
Frístundaheimilið Lækjarsel	7,8	17	118	7,6	16	107
Frístundaheimilið Selið	8,8	18	151	8,5	18	148
Frístundaheimilið Hraunkot	7,9	16	111	8,3	16	93
Frístundaheimilið Álfakot	7,6	13	87	7,6	16	81
Frístundaheimilið Krakkaberg	7,0	14	112	7,0	16	96
Frístundaheimilið Tröllheimar	9,0	16	115	10,0	17	122
Frístundaheimilið Holtasel	6,1	15	93	6,4	13	101
Frístundaheimilið Hraunsel	8,6	21	110	8,5	17	115
Frístundaheimilið Skarðssel	7,3	15	107	8,3	16	105
Félagsmiðstöðin Músík og mótör	1,2	3	-	1,2	3	-
Félagsmiðstöðin Vitinn	2	5	-	2	8	-
Félagsmiðstöðin Aldan	2	7	-	2	7	-
Félagsmiðstöðin Dalurinn	0,5	1	-	-	-	-
Félagsmiðstöðin Hraunið	2	5	-	2	8	-
Félagsmiðstöðin Setrið	2	7	-	2	7	-
Félagsmiðstöðin Ásinn	2	7	-	2	7	-
Félagsmiðstöðin Verið	2	7	-	2	7	-
Félagsmiðstöðin Mosinn	2	8	-	2	8	-
Félagsmiðstöðin Skarðið	2	7	-	2	7	-
Ungmennahúsið Hamarinn	2	4	-	2	4	-
Samtals félagsmiðstöðvar og frístundaheimili	89,8	206	-	91,2	211	-
Suðurbæjarlaug	12,9	21	-	11,5	19	-
Sundhöll Hafnarfjarðar	5,7	6	-	5,5	6	-
Ásvallalaug	20,8	30	-	18,8	28	-
Samtals sundlaugar	39,4	57	-	35,8	53	-
Samtals	132	266	1.004	130	267	968



Fjöldi stöðugilda á skrifstofu æskulýðsmála helst óbreyttur milli ára. Stöðugildum frístundaheimila fækkar úr 72 í 70 en börnum fjölga um 36 á milli ára. Undanfarin ár hefur börnum á frístundaheimilum fjölgað jafnt og þétt, eða að jafnaði um 50 börn milli ára. Í upphafi skólaárs 2017 voru 868 börn í frístundaheimilum Hafnarfjarðar árið 2018 voru þau 948, árið 2019 voru þau 998, árið 2020 voru þau 968 og nú árið 2021 eru þau 1.004. Um 100 börn eru síðan í frístundaheimilum sem Knattspyrnufélagið Haukar og Barnaskóli Hjallastefnunnar reka. Félagsmiðstöðvar Hafnarfjarðar eru allar opnar á sama tíma og því reknar á sama grunni óháð nemendafjölda. Stöðugildum sundlauga er að fjölga vegna ákvæða í kjarasamningi um styttri vinnutíma starfsfólks.



Menningarmál

Menningarmál heyra undir þjónustu- og þróunarsvið og heyra forstöðumenn Byggðasafns, Bókasafns og Hafnarborgar því undir sviðsstjóra þjónustu- og þróunarsviðs. Verkefnastjóri á þjónustu- og þróunarsviði hefur umsjón með atvinnu-, ferða- og menningarmálum, viðburðastjórnun og samstarfi menningarstofnana. Hátíðarhöld á 17. júní eru í umsjón mennta- og lýðheilsusviðs. Til menningarmála er varið um 606 milljónum króna og er þá framlag til Byggðasafns, Bókasafns, skjalasafns og Hafnarborgar meðtalið. Samkomulag við Gaflaraleikhúsið gerir ráð fyrir leikhússtarfsemi með áherslu á sýningar fyrir börn við Víkingastræti og er framlagið 22 milljónir árið 2022, hækkar um tvær milljónir á milli ára. Kostnaður vegna Bæjarbíós er einkum innri húsaleiga og hiti og rafmagn, alls um 10,5 milljónir króna. Styrkir til menningarmála sem menningar- og ferðamálanefnd úthlutar hækka um þrjár milljónir á milli ára, verða 14 milljónir króna, en að auki eru lagðar til 1,5 milljónir króna vegna bæjarlistamanns, sem er óbreytt milli ára. Samstarfssamningum um viðburða- og sýningahald í bænum hefur fjölgað en menningar- og ferðamálanefnd getur með samþykki bæjarráðs gert samstarfssamninga til tveggja eða þriggja ára vegna menningarstarfsemi sem hefur sannað gildi sitt í hafnirsku menningarlífi. Framlag vegna höggmyndagarðs er óbreytt, um þrjár milljónir króna. Framlag vegna ýmissa hátíða er 5,6 milljónir króna, og til Jólaborpsins fara 14 milljónir króna.

Undir söfn flokkast nú skjalasafn sveitarstjórnarskrifstofu, sem áður var fært undir bæjarskrifstofu á stjórnarsýslusviði. Því flytjast hingað tvö stöðugildi skjalastjóra og skjalavarðar auk leigu- og rekstrarkostnaðar við nýja skjalageymslu bæjarins við Hvaleyrarbraut 39, samtals 35,1 milljón króna.

Rekstraryfirlit:

Menningarmál – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikn. 2020
Tekjur:			
Þjónustugjöld	15	19	25
Samtals tekjur	15	19	25
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	295	254	236
Annar rekstrarkostnaður	326	295	298
Samtals gjöld	621	549	534
Rekstrarniðurstaða	(606)	(530)	(509)

Atvinnumál

Framlag Hafnarfjarðarbæjar til Markaðsstofu Hafnarfjarðar verður 10,7 milljónir króna árið 2022.

Fjárveiting til ferðamála verður fimm milljónir króna árið 2022 og unnið er að því að uppfæra ásynð Hafnarfjarðar á ferðamannaskiltum, kortum og

ferðamannabæklingum auk þess sem áhersla verður lögð á stafræna miðlun og upplýsingaskjái. Upplýsingamiðstöð ferðamanna er í þjónustuveri og Byggðasafni um helgar.

Lífsgæðasetur St. Jó. er samfélag sem býður upp á forvarnir, heilsuvernd, snemmtæka íhlutun, fræðslu og skapandi setur. Heilsa – Samfélag – Sköpun. Framkvæmdir við endurbætur á húsinu héldu áfram á þessu ári. Gert er ráð fyrir að endurbótum verði framhaldið, þeim verði lokið á fjórðu hæð, í kjallara og sameiginlegum rýmum á árinu 2021 og að þriðja hæð verði tilbúin til innréttinga. Áætlaðar eru 280 milljónir króna í framkvæmdirnar. Leigutökum mun í kjölfarið fjölga í húsinu, sem er gleðiefni þar sem biðlisti er eftir aðstöðu í húsinu, en nú er starfsemi á annarri hæð hússins. Gert er ráð fyrir lántöku fyrir endurbótunum og að leigutekjur standi undir afborgunum og vöxtum af láninu. Stefnt er að því að Lífsgæðasetur St. Jó. verði sjálfbær rekstrareining.

Rekstraryfirlit:

Atvinnu- og ferðamál – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikn. 2020
Tekjur:			
Þjónustugjöld	39	13	10
Samtals tekjur	39	13	10
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	4	0	48
Annar rekstrarkostnaður	57	67	66
Samtals gjöld	61	67	114
Rekstrarniðurstaða	(23)	(54)	(104)

Bókasafn

Fjárhagsáætlun Bókasafns Hafnarfjarðar fyrir árið 2022 hljóðar upp á 250 milljónir króna, þar af 168 milljónir króna í launakostnað. Bókasafnið var stofnað árið 1922 og fagnar því 100 ára afmæli á næsta ári.

Bókasafn Hafnarfjarðar er þekkingarveita og fræðslustofnun sem heldur uppi virkri og fjölbættri bókasafns- og upplýsingaþjónustu. Bókasafnið rækir hlutverk sitt með því að jafna aðgengi að menningu og þekkingu og veita óheftan aðgang að upplýsingum og afþreyingu án tillits til forms eða framsetningar. Áhersla er lögð á að safnkostur endurspegli sem flest sjónarmið og að félagsleg ábyrgð safnsins felist í því að veita öllum bæjarbúum aðgengi að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum svo að þeir geti á upplýstan hátt tekið ákvarðanir um margvísleg álitamál.

Stefnt er að því að útlán og gestir verði heldur fleiri árið 2022 en árið 2019; gestir verði rúmlega 116.000 og útlán verði nálægt 196.000. Ekki er hægt að miða við árin 2020 og 2021, þar sem Covid-19 hafði enn mikil áhrif á opnunartíma bókasafnsins og aflýsa þurfti fjölmörgum viðburðum.

Safnkostur er rúmlega 122 þúsund eintök og árlega eru lánuð um 194 þúsund eintök til þeirra 122 þúsund gesta er heimsækja bókasafnið. Útlán nema því um 6,5 eintökum á hvern bæjarbúa.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir sértekjum að fjárhæð átta milljónir króna. Árgjald verði hækkað um 500 krónur og verði því 2.500 kr. Frá árinu 2020 hafa starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar fengið frítt lánþegakort, markmiðið er enda að ná til fleiri bæjarbúa og efla ímynd og þjónustu bókasafnsins. Áætlað er að sú aðgerð hafi haft lítil áhrif á tekjur safnsins. Árið 2021 hóf bókasafnið samstarf með öllum almenningubókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu um að viðskiptavinir bókasafnsins geti notað bókasafnsskirteini sitt á öllum bókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu, þannig að eitt árgjald gildi í öll þau bókasöfn.

Stöðugildi eru 15,5 en fastir starfsmenn eru 18 auk forstöðumanns. Auk þess starfa sjö tímavinnustarfsmenn hjá safninu og bókasafnið hefur fjórar stöður yfir sumarmánuðina til afleysinga í orlofi starfsmanna.

Öll starfsemi bókasafnsins fer fram á Strandgötu 1. Rekstrarkostnaður bókasafnsins er áætlaður 233 milljónir króna, þar af er launakostnaður 156 milljónir króna, vörukaup 31 milljón króna og þjónustukaup 55 milljónir króna. Stærstu kostnaðarliðir eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa og innkaup á safnefni.

Keyptar verða tvær nýjar sjálfsafgreiðsluvélar á bókasafnið sem byggja á RFID-tækni, sem munu leysa af einu sjálfsafgreiðsluvélina sem er á bókasafninu, sem er komin vel til ára sinna. Bókasafnið fær 3,5 milljóna króna aukafjárveitingu til þeirra kaupa en árið 2023 er ráðgert að bæta við þriðju sjálfsafgreiðsluvélinni.

Unnið verður að enn fjölbreyttara viðburðahaldi bókasafnsins, svo sem með teiknimyndasmíðjum og ritsmíðjum, barnaviðburðum á laugardögum og tónlistarviðburðum. Áfram verður unnið að sameiginlegri skipulagningu og markaðssetningu viðburða menningarstofnana miðbæjarins. Safnið tekur af fullum krafti þátt í sameiginlegum viðburðum bæjarins: Björtum dögum, 17. júní hátíðahöldum, Bóka- og bíóhátíð, Safnanótt, bókmenntagöngum o.fl. Stefnt er að því að halda upp á 100 ára afmæli bókasafnsins árið 2022 með ýmsum uppákomum og sýningum. Næsta sumar verður safnið opið á laugardögum, sem eykur launakostnað safnsins um 1,7 milljónir króna.

Unnið verður að því að auka enn meira þjónustu við nýbúa og hælisleitendur og hlúa vel að þeirri starfsemi sem fyrir er í safninu, t.d. þýska og pólska starfinu ásamt öðrum fjölmennningarlegum verkefnum. Unnið verður áfram með starfsfólki bæjarins sem starfar að fjölmennningarlegum verkefnum.

Rekstraryfirlit:

Bókasafn – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikn. 2020
Tekjur:			
Þjónustugjöld	8	10	6
Samtals tekjur	8	10	6
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	168	156	141
Annar rekstrarkostnaður	90	87	80
Samtals gjöld	258	243	221
Rekstrarniðurstaða	(250)	(233)	(214)

Byggðasafn

Fjárhagsáætlun Byggðasafns Hafnarfjarðar fyrir árið 2022 hljóðar upp á 88,6 milljónir króna. Áætlunin skiptist í grófum dráttum þannig að launakostnaður er áætlaður 41 milljón króna og rekstrarkostnaður 44 milljónir króna. Stærstu liðir þessa kostnaðar eru innri húsaleiga, húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.s.frv. Kostnaður sem snýr að faglegu starfi safnsins og miðlunarhlutverki þess nemur um 10 milljónum króna. Settar verða tvær milljónir króna í húsfriðunarsjóð á árinu 2022.

Byggðasafn Hafnarfjarðar starfar í almannabágu og er ekki rekið í hagnaðarskyni. Það starfar samkvæmt gildandi lögum um söfn, safnalögum og lögum um menningarminjar. Safnið er opið almenningi á auglýstum tímum og skal auk þess kynnt nemendum allra skólastiga í samráði við skólayfirvöld. Helstu verkefni safnsins eru að byggja upp, skrá og varðveita góðan safnkost muna og ljósmynda sem varpa ljósi á sögu og menningu svæðisins samkvæmt söfnunarstefnu þess, auk þess að miðla menningu og sögu bæjarfélagsins, meðal annars með sýningahaldi og fyrirlestrum eða með öðrum þeim hætti sem henta þykir og fjárhagsáætlun safnsins gerir kleift hverju sinni. Safnið sér um skráningu og verndun fornleifa og annarra söguminja á svæðinu í samráði og samvinnu við Minjastofnun Íslands. Þá skal safnið í samvinnu við sömu stofnun gangast fyrir nákvæmri skráningu þeirra mannvirkja á starfssvæðinu sem af bygginga- eða menningarsögulegum ástæðum hafa varðveislugildi, en skráning fornleifa og húsa er ein af forsendum skipulagsvinnu á vegum bæjarfélagsins.

Föst stöðugildi á safninu eru þrjú en að auki eru á safninu þrjár 75% stöður í þrjá mánuði á ári við yfirsetu yfir sumarið og stöður yfirsetufólks sem situr yfir sýningum um helgar, aðallega á sumrin en einnig yfir vetrarmánuðina. Auk þessa hefur safnið tekið þátt í tímabundna verkefni „Atvinna með stuðningi“ með 40% stöðugildi. Byggðasafnið heldur að jafnaði úti níu sýningum í sex húsum ár hvert og þar af eru tvær nýjar sýningar settar upp á ári. Eldri sýningar eru uppfærðar og lagfærðar að nokkru marki ár hvert. Áfram verður unnið að eðlilegu viðhaldi og þróun fastasýninga safnsins í Pakkhúsinu, Siggubæ, Sívertsens-húsinu, Bungalowinu, Góðtemplarahúsinu og Beggubúð. Safnið stendur fyrir viðburðum af ýmsu tagi, svo sem sögu- og minjagöngum, fyrirlestraröð og jóladagskrá. Safnið er einnig þátttakandi í



viðburðum eins og Safnanótt, Björtum dögum, Íslenska safnadeginum, menningargöngum, Jólaborpinu og jóladagskrá fyrir leikskóla.

Rekstraryfirlit:

Byggðasafn – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikn. 2020
Tekjur:			
Þjónustugjöld	1	1	3
Samtals tekjur	1	1	3
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	43	41	42
Annar rekstrarkostnaður	47	45	50
Samtals gjöld	89	86	92
Rekstrarniðurstaða	(89)	(85)	(89)

Hafnarborg

Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar, stendur fyrir fjölbreyttri sýningardagskrá þar sem lögð er áhersla á að auðga upplifun gesta af sýningum og safneign sem nú telur rúmlega 1.500 verk, með reglulegum sýningum og fjölbreyttu formi miðlunar. Hafnarborg rekur einnig alþjóðlega gestavinnustofu. Hlutverk Hafnarborgar er að standa fyrir öflugum og metnaðarfullu menningarstarfi sem endurspeglar gerjun samtímans og stuðla þannig að fjölbreyttu mannlífi. Hafnarborg er vettvangur fyrir ungt listafólk á sviði myndlistar og tónlistar og tengist þannig nýjum kynslóðum á hverjum tíma.

Fjárhagsáætlun Hafnarborgar fyrir árið 2022 gerir ráð fyrir tekjum að fjárhæð 6,8 milljónir króna sem samanstanda af 3,5 milljóna króna leigutekjum og 3,3 milljónum króna í aðrar tekjur.

Leigutekjur drógust verulega saman undanfarin tvö ár og gera verður ráð fyrir að það taki nokkurn tíma að ná fyrra jafnvægi í tekjum vegna aðstæðna í samfélaginu. Styrkir sem Hafnarborg nýtur koma frá sjóðum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis – safnasjóði, tónlistarsjóði og myndlistarsjóði. Sjóðirnir eru samkeppnissjóðir og ekki er hægt að treysta á styrki úr þeim þótt ávallt sé sótt um til þeirra verkefna sem til stendur að vinna á hverju ári.

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð 151 milljón króna. Rekstrargjöldin samanstanda af 55 milljóna króna launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði upp á 96 milljónir króna, en þar af er kostnaður af rekstri fasteigna 56 milljónir króna.

Stöðugildi safnsins eru 4,3 auk tímavinnufólks á föstum vöktum í afgreiðslu.

Rekstrarkostnaður fasteigna er samkvæmt þessari áætlun 56 milljónir króna. Starfsemi safnsins fer nú fram á tveimur stöðum: í safnhúsinu við Strandgötu og í fjargeymslum. Stærstu liðir rekstrarkostnaðar fasteigna eru innri og ytri húsaleiga,

hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting, o.s.frv. Eftir því sem safnhúsið eldist hefur viðhaldspörf aukist, t.d. vegna lýsingar, lyftu og öryggis- og loftræstikerfa. Hafin verður endurnýjun á lýsingarbúnaði í sýningarsölum þannig að hann taki mið af tækninýjungum og kröfum samtímans á þessu sviði.

Kostnaður sem snýr að faglegu starfi safnsins, hvers konar listrænni starfsemi og miðlunarhlutverki þess, er samkvæmt þessari áætlun ríflega 21,7 milljónir króna. Helstu kostnaðarliðir eru sýningargerð, útgáfa og viðburðir. Gert er ráð fyrir uppsetningu ellefu sýninga á næsta ári með tilheyrandi dagskrá við hverja þeirra, leiðsögn listamanna og sýningarstjóra, málþingum, stafrænni miðlun kynningarefnis, fjölskyldusmiðjum og fleiru.

Þar af eru um 8,6 milljónir króna áætlaðar í aðkeypta vinnu og þóknanir til listamanna á árinu 2022. Markmiðið er að standa fyrir fjölbreyttum viðburðum fyrir börn og fjölskyldur í safninu. Aukin áhersla verður lögð á fræðslustundir fyrir eldra fólk í Hafnarfirði auk þess að sinna samfélagi innflytjenda og halda áfram blómlegu tónlistarstarfi, þ.m.t. hádegistónleikum og öðru tónleikahaldi.

Rekstraryfirlit:

Hafnarborg – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikn. 2020
Tekjur:			
Þjónustugjöld	7	7	15
Samtals tekjur	7	7	15
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	55	55	48
Annar rekstrarkostnaður	96	87	95
Samtals gjöld	151	142	143
Rekstrarniðurstaða	(144)	(135)	(128)

Mannauður:

Meningarmál	Fjöldi stöðugilda 2022	Fjöldi starfsm. 2022	Fjöldi stöðugilda 2021	Fjöldi starfsm. 2021	Fjöldi stöðugilda 2019	Fjöldi starfsm. 2019
Bókasafn	15,5	18	15,0	17	14,95	17
Byggðasafn	3,4	7	3,4	7	3,4	7
Hafnarborg	4,3	9	5,2	9	4,7	9
Samtals	23,2	27	23,55	33	23,05	33

Brunamál og almannavarnir

Í málaflokknum er áætlað framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. um 288 milljónir króna og til Björgunarsveitar Hafnarfjarðar um 22,1 milljón króna, en hluti af því er í formi niðurgreiðslu fasteignagjalda. Framlag til Slökkviliðsins hækkar um 5% frá árinu 2021.

Rekstraryfirlit:

Brunamál og almannavarnir – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikn. 2020
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	310	296	247
Samtals gjöld	310	296	247
Rekstrarniðurstaða	(310)	(296)	(247)

Hreinlætismál

Hreinlætismál

Framlög til hreinlætismála eru vegna heilbrigðiseftirlits og sorps. Hafnarfjarðarkaupstaður er aðili að SORPU bs., sem hefur það hlutverk að annast meðhöndlun úrgangs fyrir sveitarfélögin. Kubbur ehf. annast sorphirðu frá heimilum í sveitarfélaginu og var verkið boðið út árið 2013 til átta ára. Samningur við Kubb var framlengdur um eitt ár og nú er að hefjast vinna við útboð sorphirðu. Við heimili er tekið bæði blandað heimilissorp, plast og pappír. Framlag til SORPU hækkar um 38 milljónir króna, eða um 17%, og framlag vegna sorphirðu heimilissorps og eyðingar hækkar um 46 milljónir króna, eða um 31%. Í sveitarfélaginu eru reknar sex grenndargámastöðvar. Einnig er í sveitarfélaginu endurvinnslustöð SORPU á Breiðhelli og er þar tekið á móti öllum flokkum úrgangs.

Móttökugjöld SORPU bs. eiga að standa undir kostnaði við veitta þjónustu eins og lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 kveða á um. Gjöldin verða hins vegar óbreytt frá 2021, eða 49.089 krónur, þrátt fyrir að kostnaður hafi aukist umtalsvert. Bærin á von á endurgreiðslu á VSK vegna framlaga til Sorpu sem verður nýtt til að mæta kostnaðarauka.

Áætlað er að fjármagn til heilbrigðiseftirlits hækki um þrjár milljónir króna.

Rekstraryfirlit:

Hreinlætismál – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikn. 2020
Tekjur:			
Þjónustugjöld	566	551	472
Samtals tekjur	566	551	472
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	659	575	479
Samtals gjöld	659	575	479
Rekstrarniðurstaða	(93)	(24)	(8)



Skipulags- og byggingarmál

Fjárheimildir til fjárfestinga í skipulags- og byggingarmálum verða 86 milljónir króna á árinu 2022. Ekki náðist að ljúka endurskoðun á aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Í framhaldi þeirrar vinnu er megináhersla lögð á enduruppbyggingu á eldri iðnaðar- og athafnasvæðum og sjálfbærni, í samræmi við hugmyndir um þéttingu byggðar, bættar almenningssamgöngur og breytta landnotkun sem af því leiðir.

Skipulagsvinna við deiliskipulag á þróunarreitum í Hamranesi heldur áfram. Deiliskipulagi er lokið á á lóðum. Deiliskipulag á níu reitum er í lögbundnu ferli og má reikna með að framkvæmdir geti hafist í lok árs 2021 og á árinu 2022. Í hverfinu er gert ráð fyrir skóla, leikskóla og hjúkrunarheimili, á lóðum sem tengjast náttúrunni sterkum böndum. Í fyrsta áfanga er lögð áhersla á þetta íbúðarbyggð ásamt leikskóla. Með þessum kraftmiklu uppbyggingaráformum er lagður grunnur fyrir fjölbreyttari starfsemi sem mun koma í síðari áföngum á sviði verslunar og þjónustu: lifandi jarðhæðum með t.d. kaffihúsum, hverfisverslunum og fjölbreyttri starfsemi fyrir íbúa. Vestanvert á svæðinu hefur reitum verið úthlutað til þróunaraðila þar sem áhersla verður m.a. lögð á sjálfbæra byggð með breyttum búsetuformum.

Með tilkomu Ásvallabrautar mun uppbygging geta hafist á því landsvæði sem nefnist Ásland 4 og Ásland 5 í aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Deiliskipulagsvinna á því svæði mun ljúka á árinu 2022 og hægt verður að úthluta lóðum á vormánuðum sem geta orðið byggingarhæfar á haustmánuðum. Gert er ráð fyrir sérbýlisaðstöðu ásamt minni fjölbýlishúsum á því landsvæði. Einnig er gert ráð fyrir leikskóla á svæðinu. Við þá vinnu þarf þó að taka mið af þróun mála hjá Landsneti varðandi breytingar á veitukerfum, en Hnoðraholtslína og Hamraneslínur hafa áhrif á uppbyggingu á þessum svæðum. Undirbúningur er hafinn með Landsneti að því að setja Hnoðraholtslínu í jörðu og færa Hamraneslínur.

Unnið er að skipulagsbreytingum á svæði sem heitir Selhraun suður. Þar er gert ráð fyrir að landnotkun breytist og að heimiluð verði íbúðarbyggð fyrir um 150–200 íbúðir. Þessi skipulagsvinna byggir á tillögum um þéttingu byggðar sem settar voru fram árið 2016 í greinargerð starfshóps um þéttingu byggðar í Hafnarfirði.

Skortur er á góðum iðnaðar- og athafnalóðum á höfuðborgarsvæðinu sem tengjast vel umferðaræðum og hafnarsvæði. Með tvöföldun Reykjanesbrautar mun eftirspurn enn aukast eftir iðnaðarlóðum. Jafnframt mun vinnu við breytingar á skipulagi vegna öryggissvæðis ljúka á árinu 2022. Við það mun fjölbreyttari iðnaður og atvinnustarfsemi geta sótt inn á núverandi iðnaðar- og athafnasvæði Hafnarfjarðar. Með það í huga er stefnt að því endurskoða deiliskipulag Hellnahrauns og skipuleggja ný iðnaðarsvæði sunnan akstursípróttasvæðis. Fyrirhugað er að taka til skoðunar stækkun hafnarinnar í Straumsvík ásamt því að skoða umferðar- og uppbyggingarmál innan þess svæðis og sunnan Reykjanesbrautar.

Þróun mála í línustæðum og rafmagnsveitumálum er varða Reykjanesskagann hafa fengið mikla umfjöllun. Með vísan til greinargerðar aðalskipulags Hafnarfjarðar verður hafin vinna við deiliskipulag tengivirkis í Hrauntungum.

Áframhaldandi vinna vegna rammaskipulags Flensborgarhafnar stendur yfir. Breyting á landnotkun svæðisins með tilliti til þeirra hugmynda sem samþykktar voru í rammaskipulagi Flensborgarhafnarinnar ásamt umhverfisskýrslu er í lögbundnu ferli. Þar er gert ráð fyrir talsverðum breytingum á svæðum næst Flensborgarhöfn og bættum tengingum við miðbæ Hafnarfjarðar. Deiliskipulag nýrra reita og endurskoðun á aðliggjandi gildandi deiliskipulagsgögnum er ná til og tengjast hafnarsvæðinu verður tekin til úrvinnslu. Unnið er að skipulagshugmyndum sem tengjast uppbyggingu menntaseturs á þessu svæði. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagi 2–3 reita á hafnarsvæðinu ljúki á árinu 2022.

Gert er ráð fyrir gengið verði frá deiliskipulagi á tveimur reitum á svæði sem nefnist Hraun-Vestur sem taka mið af rammaskipulaginu frá 2018. Einstaka hópar og lóðarhafar eru að skoða deiliskipulagsvinnu á reitum á svæðinu. Lögð er áhersla á aukið byggingarmagn og bættar umferðartengingar og almenningssamgöngur. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir í samræmi við ný deiliskipulög á svæðinu Hraun-Vestur hefjist á árinu 2022.

Hafin er vinna við endurskoðun deiliskipulags í Vesturbæ, þeirri vinnu verður haldið áfram, sem og vinnu við endurskoðun deiliskipulaga eldri hverfa í Hafnarfirði. Endurskoðað var deiliskipulag á reit 1 í deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar frá 2000. Gert er ráð fyrir að sú vinna haldi áfram ásamt endurskoðun á deiliskipulagi eldri íbúðarhverfa. Slík endurskoðun er nauðsynleg m.a. vegna breytinga sem orðið hafa á laga- og regluverki er lýtur að byggingar- og skipulagsmálum. Breytingar á samfélagsgerð og lifnaðarháttum kalla jafnframt á slíka endurskoðun. Vinna þarf áfram að skipulagsmálum í upplandi Hafnarfjarðar. Aukin ásókn í útivist og tómstundir tengdar henni kalla á slíkt. Endurskoða þarf gildandi deiliskipulag þar með það í huga að skapa heildstætt svæði útivistar, tómstunda og íþróttar með góðum og aðlaðandi göngu- og hjólreiðaleiðum. Fyrir liggja nokkrar umsóknir frá félagasamtökum og áhugahópum um frístundastarf og útivist sem samræmast þeirri landnotkun sem gert er ráð fyrir í upplandinu.

Rekstur skipulagsdeildar og byggingarfulltrúa verður óbreyttur frá fyrra ári nema hvað launakostnaður hækkar og tekjur hækka. Á þessu ári var starfsmönnum fjölgað um tvo, einn á hvorri deild, en á næstu árum má búast við mikilli uppbyggingu í Hafnarfirði og auknum umsvifum á sviðinu.

Rekstraryfirlit:

Skipulags- og byggingarmál – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020
Tekjur:			
Samtals tekjur	80	59	31
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	146	115	112
Annar rekstrarkostnaður	83	82	76
Samtals gjöld	229	197	128
Rekstrarniðurstaða	(149)	(138)	(158)

Umferðar- og samgöngumál

Framlag til umferðar- og samgöngumála hækkar um 54 milljónir króna á milli ára. Innri leiga gatnakerfisins hækkar um 20 milljónir króna og framlag til almenningsamgangna, það er Strætó, um 34 milljónir króna, eða 8%.

Rekstraryfirlit:

Umferðar- og samgöngumál – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020
Tekjur:			
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	1.126	1.071	1038
Samtals gjöld	1.126	1.071	1038
Rekstrarniðurstaða	(1.126)	(1.071)	(1038)



Umhverfismál

Reiknuð hlutdeild umhverfismála í rekstri er vegna opinna svæða og hækkar um átta milljónir króna, vegna aukins viðhalds.

Rekstraryfirlit:

Umhverfismál – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020
Tekjur:			
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	195	187	166
Samtals gjöld	195	187	166
Rekstrarniðurstaða	(195)	(187)	(166)



Sameiginlegur kostnaður

Stjórnsýslusvið er stoðsvið ásamt fjármálasviði og þjónustu- og þróunarsviði og annast almenna stjórnsýslu sveitarfélagsins. Málaflokkar sviðsins eru stjórnsýsla, lögfræðitengd málefni, persónuvernd, skjalavarsla, mannauðsmál og gæðamál. Jafnframt heyrir Lífsgæðasetur St. Jó. undir sviðið.

Mannauðsdeild þróar og fylgir eftir mannauðsstefnu bæjarins og veitir ráðgjöf og stuðning við stjórnendur og starfsfólk í mannauðsmálum. Vaxandi áhersla hefur verið lögð á fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðir, m.a. á stafrænu formi í Eloomi-fræðslukerfinu. Mannauðsdeild heldur utan um jafnlaunavottun Hafnarfjarðarbæjar og veitir ráðgjöf og aðstoð vegna starfsauglýsinga, ráðninga og starfsloka.

Lögfræðideild annast lögfræðileg málefni fyrir hönd sveitarfélagsins og sinnir lögfræðilegri ráðgjöf til bæjarstjórnar, ráða og nefnda, stjórnenda og annarra starfsmanna. Lögfræðideildin annast einnig meðferð dóms- og kærumála á hendur bænum, sem og tjónamál.

Skjaladeild sér um að tryggja örugga meðferð og vörslu opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislusögu Hafnarfjarðarkaupstaðar að leiðarljósi. Á árinu 2021 voru tekin mikilvæg skref í að færa skjalamál í nútímalegra horf með framtíðarstefnumörkun í rafrænni meðferð skjala og verður áfram unnið að því verkefni á árinu 2022. Um langt skeið hefur verið leitað framtíðarlausnar fyrir skjalavörslu sveitarstjórnarskrifstofu Hafnarfjarðar sem uppfyllir þær skyldur bæjarfélagsins sem kveðið er á um í lögum um opinber skjalasöfn, lögum um persónuvernd, sveitarstjórnarlögum, upplýsingalögum og ýmsum reglum og reglugerðum. Á haustmánuðum 2021 var gengið frá leigu á hentugu framtíðarhúsnæði að Hvaleyrarbraut 39 og er stefnt að því að búið verði að koma skjölum úr ýmsum geymslum bæjarins fyrir á einum stað fyrir árslok.

Árið 2021 var viðburðaríkt á Lífsgæðasetri St. Jó. Í árslok 2020 hófust viðræður á milli Hafnarfjarðarbæjar og Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa (StLO) um fjármögnun framkvæmda á 3. hæð hússins. StLO lýsti yfir áhuga á að fjármagna framkvæmdir á hæðinni að fullu gegn því að Alzheimer- og Parkinson samtökin gætu nýtt aðstöðuna til allt að 15 ára í formi leiguleysis, enda greiddi StLO fyrir framkvæmdir á hæðinni að fullu. Samtökin myndu á leigutíma greiða rekstrarkostnað hæðarinnar. Samkomulag var undirritað milli bæjarins og StLO í apríl 2021 og hófust framkvæmdir strax í kjölfarið og hafa gengið vel. Áætlað er að samtökin hefji starfsemi í janúar 2022. Stefnt er að því að 1. og 4. hæð hússins verði tilbúna til útleigu í byrjun árs 2022 og bætast þá við um 15 ný leigurými í húsinu. Mikill áhugi er á rýmum og er biðlisti langur. Húsið ætti því að vera komið í fulla nýtingu eigi síðar en 1. mars 2022.

Undirbúningur fyrir heildstæða stefnumótun fyrir Hafnarfjörð hófst um mitt ár 2021. Verkefnið snýst um að móta framtíðarsýn fyrir Hafnarfjörð til ársins 2035 og byggja á þeim grunni upp meginmarkmið sem styðja við mótun áherslna til skemmri tíma. Í stefnumótuninni verður sérstaklega horft til þess að beita heildrænni nálgun gagnvart innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Gert er ráð fyrir að stefnan liggja fyrir snemma árs 2022.



Kostnaður stjórnsýslusviðs er nánast óbreyttur á milli ára að frátöldum rekstrar- og leigukostnaði vegna nýrrar skjalageymslu.

Á öðru heila starfsári þjónustu- og þróunarsviðs hefur áherslan verið á að leggja góðan grunn að stafrænni uppbyggingu næstu ára auk þess sem nokkur mikilvæg verkefni hafa verið sett í loftið.

Heildarfjármagn í stafræn verkefni á **skrifstofu þjónustu- og þróunarsviðs** er nánast óbreytt milli ára, eða um 56 milljónir króna, en árið 2021 var fjármagn aukið um 15 milljónir króna frá árinu á undan. Hins vegar er lagt til viðbótarfjármagn í gegnum samstarf sveitarfélaga í stafrænni þróun.

Samstarf sveitarfélaga í stafrænni þróun er vaxandi, en bærinn leggur mikla áherslu á samstarfið og tekur fullan þátt í því. Árið 2021 stækkaði stafrænt teymi Sambands íslenskra sveitarfélaga úr einum í þrjá og var kostnaði vegna þess skipt á milli sveitarfélaga í hlutfalli við stærð. Árið 2022 verður ráðist í nokkur stór og önnur minni stafræn verkefni í samstarfi sveitarfélaga og verður hlutdeild Hafnarfjarðar alls 18 milljónir króna. Heildarfjármagn í stafræn verkefni verður því 74 milljónir króna á árinu.

Á meðal verkefna sem Hafnarfjarðarbær er að vinna í samvinnu við önnur sveitarfélög er innleiðing á stafrænni lausn fyrir fjárhagsaðstoð og ný útgáfa af ábendingagátt, auk þess sem bærinn hefur lagt ýmsar minni stafrænar lausnir inn á lausnatorg Sambandsins sem önnur sveitarfélög geta nýtt sér, svo sem reiknivélar og sorphirðuuppfléttingu. Á næsta ári er áformað að fara í mörg mikilvæg verkefni, svo sem Microsoft-leyfamál, einfaldari skjalavistun, rafræn skil til Þjóðskjalasafns, spjallmenni og umsókn um félagslegt leiguhúsnæði.

Þjónustu- og þróunarsvið leggur áherslu á að vinna með háskólanemum og sprotafyrirtækjum og vill gjarnan taka þátt í verkefnum þar sem brautin er rudd fyrir önnur sveitarfélög í nýsköpun og breyttum vinnubrögðum.

Mikilvægasti þátturinn í stafrænni umbreytingu er menning og hugarfar. Skýr merki hafa sést um að árangur á því sviði sé að nást þar sem frumkvæði að stafrænum verkefnum kemur í vaxandi mæli frá starfsfólki þvert á svið. Starfsfólk vill breyta vinnulagi og sér hagræðið í því.

Ferlavinnan hefur verið áberandi líkt og á síðasta ári, en unnið hefur verið að kortlagningu og rýni á fjölmörgum þjónustu- og stjórnsýsluferlum bæjarins síðastliðin tvö ár. Þessi vinna leggur grunn að umbótum í þjónustunni, greiningu stafrænna tækifæra og breyttum vinnubrögðum.

Annar mikilvægur grunnur fyrir heildstæða þjónustu og samræmda notendaupplifun er smíði hönnunarkerfis sem var sett í loftið á árinu. Hafnarfjarðarbær er þar með kominn í hóp nokkurra stórra fyrirtækja á Íslandi og Reykjavíkurborgar með slíkt kerfi, en hönnunarkerfi bæjarins, sem fékk heitið Vitinn, tekur til hönnunar fyrir prentmiðla, skjámiðla og stafræna miðla. Vitinn er leiðarljós í hönnun fyrir Hafnarfjarðarbæ og einfaldar kerfið alla hönnunarvinnu starfsfólks og þeirra sem koma að hönnun fyrir bæjarfélagið. Hönnunin verður samræmdari og hagkvæmari, hægt er að vinna verkefni hraðar og bæta notendaupplifun.

Margar afurðir úr hönnunarkerfinu litu dagsins ljós á árinu. Nýir vefir Byggðasafns, Bókasafns Hafnarfjarðar og Hæfingarstöðvar á Bæjarhrauni voru opnaðir á árinu. Ásýnd bæjarfélagsins er farin að taka breytingum og mun breytast enn meira á næstu misserum í takt við nýja hönnun. Þetta á við hvort sem er byggingar, farartæki, fatnað, auglýsingar, bæklinga, vefi eða aðra snertifleti.

Önnur verkefni sem hefur verið hleypt af stokkunum eru stafræn bókasafnsskírteini, nýr öflugur kortavefur, breytt miðlun fundargerða í skipulags- og byggingamálum og aukin sjálfsafgreiðsla í gegnum Mínar síður með greiðslugátt og rafrænni undirritun. Rafrænar undirskriftir í samskiptum við íbúa, stofnanir, umsækjendur um störf og fleiri hafa vaxið hröðum skrefum á árinu með miklu hagræði fyrir starfseminna, íbúa og aðra í samskiptum við bæinn.

Á árinu var enn fremur stigið það skref að loka innri vef starfsfólks og koma efni hans inn á Workplace, sem hefur verið innri samskipta- og upplýsingamiðill síðastliðin ár. Með þessari aðgerð var innri upplýsingamiðlun einfölduð til muna og hefur aukið enn notkun á Workplace og fest miðilinn betur í sessi.

Á árinu var unnin þarfagreining fyrir vef bæjarins, hafnarfjordur.is, en hönnun vefsins er á lokastigi í árslok 2021. Allur texti og efni verða endurskoðuð í takt við nýskilgreinda rödd og tón sem má finna í nýja hönnunarkerfinu. Áformað er að opna nýjan vef ásamt endurgerð á Mínum síðum árið 2022 þar sem áhersla er á að íbúar og aðrir geti afgreitt erindi sín og verið í gagnvirkum samskiptum við starfsfólk. Þetta eru stór verkefni sem hafa mikla þýðingu fyrir þjónustu bæjarins. Meðal annarra stærri verkefna sem eru í skoðun er innleiðing á nýju mannauðslausnakerfi og stafrænni lausn fyrir verkefni byggingafulltrúa.

Kostnaður við rekstur **þjónustuvors** er áætlaður 57 milljónir króna, sem er að langstærstu leyti launakostnaður, eða 56 milljónir króna. Síðastliðin tvö ár hefur verið unnið markvisst að valdeflingu þjónustuvors með fleiri verkefnum sem eru leyst í fyrstu snertingu. Þó að íbúar nýti stafrænar leiðir í auknum mæli í samskiptum við sveitarfélagið hefur þjónustuverið fengið stærra hlutverk í innri og ytri þjónustu. Þar nýtist þekking og hæfni starfsfólks vel í að leysa sem flest verkefni í fyrstu snertingu og auka þjónustustig gagnvart starfsfólki og íbúum. Meðal nýrra verkefna sem þjónustuverið hefur tekið til sín er umsjón með rafrænum undirritunum, ábendingagátt, kortavefur, útgáfa starfsmannaskírteina og endursetning lykilorða starfsfólks ásamt afgreiðslu ýmissa erinda sem áður var t.d. vísað til sérfræðinga fjárreiðudeildar og félagsþjónustu.

Próunar- og tölvudeild gegnir lykilhlutverki í stafrænu umbreytingaferli og verkefnum tengdum Snjallbænum Hafnarfirði. Rekstrarkostnaður deildarinnar er áætlaður 409 milljónir króna á árinu; þar af eru vörukaup 124 milljónir króna og þjónustukaup 203 milljónir króna. Meginástæða þess að rekstrarkostnaður deildarinnar hefur aukist er ekki síst að kostnaður vegna Microsoft-leyfa hefur aukist verulega á milli ára auk þess sem kostnaður vegna nýrra samninga við birgja og kaupa á nýjum lausnum til að styðja við nútíma upplýsingatækni og stafræna umbreytingu hefur aukist verulega. Það tókst að lækka hýsingarkostnað með útboði á árinu, auk þess sem kaup á sérfræðiþjónustu hafa lækkað þó nokkuð á milli ára.



Deildin hefur lagt afar mikla áherslu undanfarin ár á að bæta netkerfið og endurnýja netbúnað á árinu, enda mikilvægir innviðir í starfsemi sveitarfélagsins. Til að styrkja deildina verður bætt við nýju stöðugildi kerfisstjóra. Á móti er gert ráð fyrir umtalsverðri lækkun á sérfræðipjónustu í netmálum, þannig að raunaukning útgjalda vegna netmála verður óveruleg.

Á árinu var unnið við uppsetningu og innleiðingu á skýjalausninni Microsoft365 (M365), sem styður við markmið um aukið öryggi, samvinnu, aðgengi og sveigjanleika. Teams-kerfið sem er hluti af M365-lausninni hefur reynst mjög mikilvægt í að styðja við breytt vinnubrögð, teymis- og fjarvinnu. Auk þess er Teams mikilvægur hlekkur í að nútímavæða og einfalda skjalamál bæjarins, en á árinu hefur deildin leitt það verkefni í góðri samvinnu við skjalastjóra og aðra sérfræðinga á stjórnsýslusviði. Markmiðið með nútímavæðingu skjalamála er samræmt og skilvirkt verklag þar sem starfsfólk notar sömu kerfi við skjalavinnslu. Til staðar sé skjalastjórnumarferli sem standist rekjanleika- og gæðakröfur og lög um opinber skjalasöfn og reglur Þjóðskjalasafns.

Stutt var áfram við breytta starfshætti og aukna fjarvinnu starfsfólks á árinu með áframhaldandi fartölvuvæðingu og umbótum á fjartengingum (VPN). Netglæpir halda áfram að vera vaxandi ógn í starfsemi sveitarfélagsins. Varnir og búnaður til greininga og forvarna hefur verið eflður svo að röskun á starfseminni verði sem minnst, en hér gildir að sofna aldrei á verðinum, þar sem fyrirsjáanlegt er að netglæpir verði viðvarandi ógn á komandi árum. Fræðsla um öryggismál og M365-umhverfið var stórefld með kaupum á kennsluefni sem er aðgengilegt í fræðslukerfi bæjarins, Eloomi. Innleidd hefur verið svokölluð tvíþátta auðkenning til að tryggja betur öryggismál og öryggisvitund starfsfólks um leið verið aukin.

Upplýsingamiðlun bæjarins hefur verið aukin umtalsvert síðastliðin ár og tölur sýna að lestur fréttar á vef bæjarins fer vaxandi. Gestum á vef bæjarins fyrstu 10 mánuði ársins 2021 fjölgaði um 19% á milli ára og heimsóknum fjölgaði um 8% miðað við árið á undan, sem var þó metár í heimsóknum. Hægt er að fylgjast með umferð um vefinn í rauntíma í gegnum vef bæjarins, en þar er að finna yfirlit um heildarumferð, niðurbrot á einstaka efnisflokkum, hvaðan umferðin kemur, lestur fundargerða o.s.frv. Það sýnir sig að fréttir sem eru birtar á vef bæjarins fá mikinn lestur.

Með hverju árinu og fleiri verkefnum sveitarfélagsins eykst krafa um upplýsingamiðlun. Miðlunum fjölgar og sífellt meiri áskorun er að ná til allra markhópa og aldurshópa í fjölbreyttu fjölmenningsarsamfélagi. Miðlun fréttar, upplýsinga um viðburði og almennra upplýsinga á ensku hefur verið stóraukin síðastliðin ár, bæði á vef og Facebook.

Aukin krafa er um sýnileika og kynningu á verkefnum sveitarfélagsins þvert á öll svið, svo sem varðandi það að laða að nýja starfsmenn í skóla- og félagsþjónustu, kynningu á nýjum hverfum, lóðasölu og að vekja athygli á bænum sem ferðamannastað. Jólábærinn Hafnarfjörður nýtur aukinna vinsælda og virðist markaðssetning í tengslum við hann hafa skilað góðum árangri. Þessi auknu umsvif hafa kallað á aukin útgjöld við framleiðslu og útgáfu efnis, auglýsingabirtingar og sýnileika á samfélagsmiðlum og öðrum netmiðlum. Miðlunarleiðum fjölgar og er bærinn í auknum mæli farinn að nýta leiðir eins og myndbönd og hlaðvörp til að koma þjónustu og upplýsingum á framfæri.



Hönnunarkerfi leit dagsins ljós á árinu og verður innleiðing nýs hönnunarstaðals unnin í áföngum, eins og rakið hefur verið hér að framan í kafla um stafræn verkefni. Með hönnunarkerfinu verður framsetning og útlit á útgefnu efni, merkingar á fasteignum og farartækjum og allt kynningarefni samræmt, auk þess sem byggðarmerkið, vitinn, hefur verið lagað að nýjum tímum. Hönnunarkerfið hefur stuðlað að hagkvæmni í gerð auglýsinga og markaðsefnis.

Framlag til upplýsinga- og kynningarmála verður um 43 milljónir króna og eykst um fimm milljónir króna milli ára til að mæta auknum kostnaði við auglýsingar og útgáfu, ekki síst vegna skipulagsmála og atvinnuauklýsinga.

Kostnaður vegna vinabæjasamskipta verður óbreyttur árið 2022, eða tvær milljónir króna.

Engar breytingar urðu á starfsmannafjölda á þjónustu- og þróunar sviði á árinu, en eins og árið á undan naut sviðið öflugss stuðnings nemenda í atvinnuátaksverkefnum stjórnvalda. Mörg metnaðarfull verkefni voru unnin af nemendum í menningarstofnunum á sviðinu, sem og í stafrænni þróun, upplýsingamiðlun og ferðamálum. Eitt nýtt stöðugildi verður til 2022 í þróunar- og tölvudeild sem mun minnka þörf á aðkeyptri sérfræðiþjónustu.

Rekstraryfirlit:

Stjórnsýslusvið, fjármálasvið og þróunar- og þjónustusvið – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikn. 2020
Tekjur:			
Þjónustugjöld	85	81	96
Samtals tekjur	85	81	96
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	814	744	779
Lífeyrisskuldbinding	1.140	1.069	1.890
Annar rekstrarkostnaður	963	873	805
Samtals gjöld	2.917	2.686	3.473
Rekstrarniðurstaða	(2.832)	(2.607)	(3.378)

Mannauður:

Stjórnsýslu- og fjármálasvið	Fjöldi stöðugilda 2022	Fjöldi starfsm. 2022	Fjöldi stöðugilda 2021	Fjöldi starfsm. 2021	Fjöldi stöðugilda 2020	Fjöldi starfsm. 2020
Bæjarskrifstofa	33,5	35	33,5	35	33,5	35
Þróunar- og tölvudeild	6,3	7	5,3	6	5,3	6
Þjónustuver	6	7	6	7	6	7
Samtals	45,8	49	44,8	48	44,8	48

Eignasjóður

Fráveita, Vatnsveita og Húsnæðisskrifstofa leggja til fé inn í A-hluta vegna umsýslu sinna eininga. Fráveita og Vatnsveita greiða tæpar 28,9 milljónir króna hvor og Húsnæðisskrifstofa 26,2 milljónir króna. Fjölgað verður um eitt stöðugildi á sviðinu á milli ára, það er verkefnisstjóri hjá framkvæmda- og rekstrardeild. Verkefni á sviðinu hafa aukist mikið og er þetta aðgerð til að bregðast við því. Launaáætlun er byggð á kjarasamningum og starfsmati. Heildarlaunakostnaður er 452 milljónir króna og hækkar um 50 milljónir króna milli ára.

Á undanförunum árum hefur jafnt og þétt verið aukið við viðhaldsfé til fasteigna og lóða bæjarins, en þessi liður var mikið skorinn niður eftir hrun. Heildarviðhaldsfé fyrir fasteignir og lóðir var aukið verulega á árinu 2018, eða um 200 milljónir króna milli ára. Fjármagn til viðhalds fasteigna árið 2022 hækkar um 20 milljónir króna, eða um 5%. Unnin er ítarleg skýrsla vegna viðhalds eigna á sviðinu á hverju ári og nýtist hún við gerð viðhaldsáætlana fyrir hverja stofnun fyrir sig. Stefnt er að því að undirbúningsvinna við útboð á viðhaldi eigna bæjarins hefjist strax í desember 2021, eftir að fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt. Útboð fari síðan fram snemma árs 2022.

Áætlun viðhalds:

Áætlað fjármagn 2022	% skipting	upphæð í þ.kr.
Skólar	30%	146.000
Leikskólar	20%	97.000
Sundlaugar/íþróttahús	20%	97.000
Annað húsnæði	15%	73.000
Ófyrirséð	15, %	73.000
Samtals	100%	486.000

Rafmagnskaup sveitarfélagsins voru boðin út árið 2020 og var útboðið bænum tiltölulega hagstætt. Hækkun á rafmagni og hita vegna reksturs sviðsins sem tengist rekstri og verðlagsþróun er um fimm milljónir króna, eða um 1,5%. Með endurnýjun ljósa í LED má búast við lækkun á rafmagnskostnaði sveitarfélagsins, en endurnýjun gatnalýsingar í LED lýkur árið 2022. Á árinu 2018 var að nýju farið að veita styrki til íbúa til glerskipta vegna umferðarhávaða frá umferðarmiklum vegum í sveitarfélaginu. Til verkefnisins eru áætlaðar átta milljónir króna. Íbúar sækja um styrk og eru umsóknirnar síðan metnar samkvæmt reglum sem bæjarstjórn samþykkir.

Hirðing á hrossataði frá hesthúsum í Hlíðarþúfum er nú áætluð um 12,6 milljónir króna. Hefur hún hækkað um fimm hundruð þúsund krónur milli ára og er það vegna aukins umfangs á svæðinu og hækkunar á kostnaði vegna hreinsunar. Hestamenn greiða fyrir þessa þjónustu bæjarins.

Viðhald gatna og gönguleiða er boðið út að mestu, sem og merkingar gatna. Fyrir árið 2022 eru áætlaðar um 199 milljónir króna í þessa liði, sem er aukning um tólf milljónir króna milli ára, eða 6%. Enn er nokkur uppsöfnuð viðhaldsþörf í gatnakerfi



bæjarins en mikið hefur þó áunnist síðustu ár. Haldið verður áfram með fyrirbyggjandi viðhaldsverkefni. Vegna fjölgunar heimsókna í uppland sveitarfélagsins er kostnaður við heflun gatna hækkaður um fjórar milljónir króna.

2020 var tekin í notkun nýtt innanbæjarleið í Hafnarfirði og samhliða því þurfti að færa til biðstöðvar og biðskýli vegna þess. Á næsta ári mun Leið 1 lengjast þannig að ekið verður inn að Skarðshlíð. Áfram verður haldið að fjölga biðskýlum í bænum í samræmi við fjölda innstiga á hverri biðstöð fyrir sig. Þar sem flest innstig eru koma ný biðskýli.

Snjómokstur og hálkuvarnir eru unnin að mestu með tækjum og af starfsfólki sveitarfélagsins en einnig eru tæki verktaka tiltæk þegar mest snjóar. Hluti snjóruðnings og hálkuvarna á stígum er í verktöku. Kostnaður vegna snjómoksturs og hálkuvarna gatna og stíga er áætlaður um 75 milljónir króna árið 2022. Raunkostnaður hefur verið á bilinu 28–83 milljónir króna síðustu ár.

Fyrir árið 2022 eru áætlaðar um 147 milljónir króna til viðhalds og reksturs á opnum svæðum, sem er aukning um fimm milljónir króna, eða um 4%. Umhverfis- og auðlindastefna bæjarins sem samþykkt var vorið 2018 fékk úthlutað fé á þessu ári til að vinna að hinum ýmsu verkefnum á aðgerðaáætlun hennar, svo sem kolefnisjöfnun sveitarfélagsins, vinnu við loftlagsstefnu o.fl. Miðað er við að sama upphæð verði til þeirra verkefna árið 2022, eða 15 milljónir króna.

Meira hefur verið lagt í snyrtingu bæjarins, og þá sérstaklega miðbæjarins, á síðustu árum. Áfram verður lögð áhersla á hreinsun miðbæjarins, verkferlar hafa verið gerðir skýrari og ábyrgð skilgreind. Haldið verður áfram með uppbyggingu og lagfæringar í Hellisgerði og á Víðistaðatúni, en undanfarin ár hefur verið unnið við ýmis verkefni á þessum stöðum. Starfshópur vegna Hellisgerðis hefur lokið störfum, en stefnt er á að á 100 ára afmæli Hellisgerðis árið 2023 verði búið að gera garðinn fallegri og snyrtilegri. Umhverfisvaktin verður áfram auglýst á árinu 2022, en hún hefur hjálpað mjög til við að hreinsa opin svæði í bænum. Jafnframt vinnur þjónustumiðstöð að hreinsunarmálum. Haldið verður áfram með viðhald á leiksvæðum og opnum svæðum, en reglulega eru gerðar úttektir á svæðunum og verkefnum síðan forgangsraðað. Viðurkenningar fyrir snyrtilega og fallega garða og umhverfi verða áfram veittar.

Unnið hefur verið við frágang í Seltúni í Krýsuvík undanfarin ár þó að hlé hafi verið gert meðan jarðhræringar á Reykjanesi voru í hámarki og verður þeirri vinnu haldið áfram næsta sumar. Unnið er að því að bæta aðstöðu við Krýsuvíkurborg, sem og að bætt aðstöðu til útivistar í Kaldárseli.

Sláttur á opnum svæðum verður áfram boðinn út að hluta eins og áður. Með þessu á bæjarvinnan auðveldara með að sinna slætti á öðrum svæðum, en nokkuð hefur bæst við af svæðum samhliða frágangi í nýjum hverfum. Beðahreinsun verður aftur boðin út, en með því ætti Vinnuskólinn að eiga auðveldara með að viðhalda beðunum á öðrum stöðum meðan hann starfar. Haldið verður áfram að halda við leiksvæðum.



Viðhald hjá eignasjóði frá árinu 2016:

Viðhald – þús. kr.	Raunkos tn. 2016	Raunkos tn. 2017	Raunkos tn. 2018	Raunkos tn. 2019	Raunkos tn. 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Viðhald húsnæðis og búnaðar	250.278	287.582	485.104	590.615	474.67	465.720	486.666
Viðhald gatnasvæða	147.917	160.508	168.014	197.294	185.750	186.816	198.941
Viðhald opinna svæða	79.178	90.008	111.952	119.812	132.742	140.973	146.634

Rekstraryfirlit:

Eignasjóður – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikn. 2020
Tekjur:			
Þjónustugjöld	7.523	5.109	5.811
Samtals tekjur	7.523	5.109	5.811
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	452	400	392
Annar rekstrarkostnaður	2.017	2.024	1.789
Afskriftir	857	847	796
Fjármagnsliðir	1.526	1.560	1.560
Samtals gjöld	4.851	4.831	4.537
Rekstrarniðurstaða	2.672	279	1.274

Vatnsveita

Rekstur Vatnsveitu verður óbreyttur frá fyrra ári nema hvað launakostnaður hækkar um rúmar sex milljónir og skýrist það af nýju starfsmati og hækkun á bakvaktargreiðslum vegna styttingu vinnuvikunnar. Tekjur vegna vatnsveitu eru óbreyttar nema hvað vatnsgjald á atvinnuhúsnæði lækkar. Vatnsveita greiðir hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagsþjónustu og stjórnsýslu, 28,9 milljónir króna. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar umsýslu miðlægt fyrir Vatnsveitu, meðal annars vegna launavinnslu og hlutdeildar í allri almennti stjórnsýslu og stjórnun. Haldið verður áfram að vinna að sameiginlegum málum vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu.

Rekstraryfirlit:

Vatnsveita – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020
Tekjur:			
Samtals tekjur	429	451	455
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	77	71	63
Annar rekstrarkostnaður	105	114	143
Afskriftir	67	64	62
Samtals gjöld	249	249	268
Rekstrarniðurstaða	180	202	187



Fráveita

Rekstur fráveitu verður óbreyttur frá fyrra ári nema hvað launakostnaður hækkar um rúmar fimm milljónir og skýrist það af nýju starfsmati og hækkun á bakvaktargreiðslum vegna styttingu vinnuvikunnar. Gjöld vegna fráveitu eru óbreytt. Tekjur vegna fráveitu eru óbreytt nema hvað fráveitugjald á atvinnuhúsnæði lækkar. Fráveita greiðir hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagssviðs og stjórnsýslu, 28,9 milljónir króna. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar miðlægrar umsýslu fyrir fráveitu, meðal annars vegna launavinnslu og hlutdeildar í allri almennri stjórnsýslu og stjórnun.

Rekstraryfirlit:

Fráveita – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikn. 2020
Tekjur:			
Þjónustugjöld	897	890	876
Samtals tekjur	897	890	876
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	44	39	36
Annar rekstrarkostnaður	182	187	251
Afskriftir	109	96	92
Fjármagnsliðir	104	112	141
Samtals gjöld	440	435	520
Rekstrarniðurstaða	457	455	356



Húsnæðisskrifstofa

Hafnarfjarðarbær á 269 íbúðir sem eru reknar af Húsnæðisskrifstofu og níu íbúðir sem leigðar eru til endurleigu, þar af fjórar frá Íbúðalánasjóði og þrjár frá Framlínunni. Einnig eru tvær íbúðir sem eru í eigu Skarðshlíðar íbúðafélags. Samtals eru þetta 278 íbúðir. Starfsmenn Húsnæðisskrifstofu sjá einnig um viðhaldsmál á 40 einstaklingsíbúðum á Norðrhellu 15 og 17, í samvinnu við fjölskyldu- og barnamálasvið.

Á árinu 2020 voru keyptar þrjár íbúðir og keyptar hafa verið sex íbúðir það sem af er þessu ári. Fasteignamarkaðurinn hefur verið erfiður á þessu ári og lítið framboð af eignum sem hafa hentað Húsnæðisskrifstofunni. Lengi hefur verið ljóst að samsetning íbúða er ekki í samræmi við þarfir umsækjenda. Þess vegna er gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 500 milljónir króna á ári til fjárfestingar í kerfinu á árunum 2022–2025. Stefnt er að því að kaupa um 10–12 íbúðir á ári miðað við að meðalverð íbúðar sé nálægt 37 milljónum króna. Lögð hefur verið áhersla á að kaupa 2–3 herbergja íbúðir en biðlistar eru eftir þeim íbúðum. Leiguverð íbúða Hafnarfjarðarkaupstaðar var í október 2021 1.678 kr./m² og er það bundið vísitölu og breytist á milli mánaða.

Rekstrarkostnaður þessara íbúða felst helst í almennu viðhaldi, svo sem málun og viðhaldi á innréttingum og gólfefni. Jafnframt er tekið þátt í viðhaldi sameigna og utanhússviðhaldi. Þegar íbúðir skipta um leigjendur eru þær teknar út og farið í allsherjarviðhald. Kostnaður við þessa liði hefur aukist nokkuð vegna meiri veltu á íbúðum. Þá eru húsfélög að taka við sér og er vöxtur vegna viðhalds á sameignum frá því sem verið hefur undanfarin ár. Heildarviðhaldsfé er um 134 milljónir króna.

Á síðustu tveimur árum hafa verið teknir í notkun tveir búsetukjarnar, annars vegar á Arnarhrauni og hins vegar nú í ár á Öldugötu. Viðhald þeirra eigna er á höndum Húsnæðisskrifstofu.

Kostnaður við viðhald íbúða Húsnæðisskrifstofu:

Þúsundir kr.	Raunk. 2016	Raunk. 2017	Raunk. 2018	Raunk. 2019	Raunk. 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Viðhald íbúða í Húsnæðisskrifstofu	51.682	74.271	85.309	79.100	89.157	133.600	133.600

Húsnæðisskrifstofa greiðir hlutdeild af kostnaði til umhverfis- og skipulagssviðs og fjölskyldu- og barnamálasviðs, alls 26,2 milljónir króna. Verið er að færa raunkostnað vegna starfsmanna sviðanna á málaflokkinn.

Rekstraryfirlit:

Húsnæðisskrifstofa – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikn. 2020
Tekjur:			
Þjónustugjöld	482	465	457
Samtals tekjur	482	465	457
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	283	266	232
Afskriftir	70	68	65
Fjármagnsliðir	183	172	201
Samtals gjöld	536	505	498
Rekstrarniðurstaða	(54)	(40)	(40)

Mannauður:

Umhverfis- og skipulagssvið	Fjöldi stöðugild á 2022	Fjöldi starfsm. 2022	Fjöldi stöðugild á 2021	Fjöldi starfsm. 2021	Fjöldi stöðugild á 2020	Fjöldi starfsm. 2020
Skipulags- og byggingarmál	8,5	9	8,5	9	6,5	7
Framkvæmdamál	14	14	13	13	13	13
Þjónustumiðstöð	17	17	17	17	17	17
Vatnsveita	5	5	5	5	5	5
Fráveita	4	4	4	4	4	4
Samtals	48,5	49	47,5	48	45,5	46



Hafnarfjarðarhöfn

Rekstur á árinu 2021 hefur verið jákvæður með hækkandi heimsmarkaðsverði á áli og auknum komum farþegaskipa og ljóst er að tekjur hafnarinnar munu aukast enn frekar á árinu 2022. Munar þar mestu um viðbót í vörugjöldum, aukin aflaggjöld og fleiri farþegaskip.

Tekjur hafnarsjóðs verða væntanlega um 720 milljónir kr. á árinu 2021, en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 674 milljónum. Í þeirri fjárhæð var ekki reiknað með neinum farþegaskipum þetta sumarið, en komur urðu 16 talsins, af nærri 30 sem áður höfðu verið bókaðar. Tekjur vegna vöruflytninga voru um 135 milljónir fyrstu átta mánuði þessa árs, en voru 119 milljónir á sama tíma á síðastliðnu ári. Þá voru aflaggjöld á fyrstu átta mánuði ársins liðlega 79 milljónir en voru 64 milljónir á sama tíma árið 2020. Reikna má með að aflaggjöld á árinu 2021 verði um og yfir 100 milljónir, þrátt fyrir að engin makrílvertíð hafi orðið þetta haustið líkt og á síðastliðnu hausti, en mestu munar um aukna löndun á vorvertíð og góða karfaveiði á Reykjaneshrygg. Heildartekjur hafnarinnar á fyrstu átta mánuðum ársins 2021 voru um 468 milljónir, liðlega 41 milljónum meiri en á sama tíma í fyrra.

Launakostnaður er áætlaður um 230 milljónir á árinu 2021 og var á fyrstu átta mánuðum ársins í fullu samræmi við launaáætlun. Ráðið var í stöðu vélstjóra og hafnsögumanns á árinu og bætt við starfskrafti í sumarafleysingar. Mikilvægt er að vera með breiðan hóp réttindastarfsmanna til að mæta því mikla álagi sem þarf að sinna á háanattíma. Almennur rekstrarkostnaður var að mestu í samræmi við áætlun. Viðhald á tækjum og búnaði hefur verið unnið sem mögulegt er af starfsmönnum en stærri verkefni í aðkeyptri vinnu. Umtalsverðar endurbætur voru gerðar á dráttarbátum Hamrí í upphafi árs, en hann er liðlega 20 ára gamall. Ljóst er að fara þarf í töluverðar endurbætur á Suðurbakka og Óseyrarbyggju á næstu árum, bæði stálpili og þekju, en þessi mannvirki eru nú að verða um hálftrar aldar gömul.

Stærstu framkvæmdir voru grjótvörn framan við elsta hluta Norðurbakkans og fyrstu áfangar í uppbyggingu enn öflugri raftenginga á bæði Hvaleyrarbakka og Suðurbakka. Með þessari grjótfyllingu og fyrirhugaðri endurbyggingu Norðurgarðsins á komandi ári er þess vænst að hægt verði að róa enn frekar vestanölduna í innri höfninni. Með öflugri raftengingum á aðalhafnarbökkum er stefnt að því að hægt verði að landtengja allar stærðir fiski- og farmskipa og einnig flest þau farþegaskip sem koma til Hafnarfjarðarhafnar. Þannig verði mögulegt að draga sem kostur er úr keyrslu ljósavéla við hafnarbakka. Tryggt hefur verið viðbótarafli upp á rúmlega 1 megavatt inn á Hvaleyrarbakka og einnig Suðurbakka. Þá er búið að ganga frá samningum um kaup á sérstökum færanlegum gámabúnaði frá norska fyrirtækinu PSW fyrir spennu- og riðabreytingar. Stefnt er að því að tengja þann búnað við háspennukerfið á vordögum 2022.

Stefnt er að því að framkvæmdir á nýju íbúðasvæði ofan Óseyrarbrautar geti hafist á árinu 2022 og þá munu samhliða fara af stað framkvæmdir við landfyllingu, grjótgard og nýja smábátahöfn við Vesturhamarinn austan við gamla slíppsæðið. Nýtt skipulag fyrir fyllingaræði utan Suðurgarðs var samþykkt fyrr á þessu ári og nú þegar eru hafnar þar framkvæmdir við byggingu á um 1.000 fermetra húsnæði fyrir starfsemi fiskmarkaðar og ísstöðvar. Verði af framkvæmdum við byggingu



Tækniskólans við Fornubúðir er ljóst að huga þarf að endurskipulagningu aðkomu að Suðurbakka og flutningi á starfsaðstöðu hafnarinnar.

Hafinn er undirbúningur að hönnun á nýju hafnarsvæði í Straumsvík, á skerjasvæðinu norðan við Súralsbakkann, en samkvæmt gildandi aðalskipulagi er á því svæði heimild fyrir landfyllingum. Fyrstu tillögur gera ráð fyrir allt að sjö hektara landfyllingu og um 300 metra viðlegukanti, en þessar framkvæmdir tengjast áætlunum um stórauknar skipakomur í Straumsvík á komandi árum vegna innflutnings og niðurdælingar á kolefni í svonefndu Carbfix-verkefni.

Hafnarfjarðarhöfn hefur lagt ríka áherslu á að fylgja eftir samþykktri aðgerðaráætlun í umhverfisstefnu hafnarinnar. Þannig standa nú yfir víðtækar framkvæmdir við orkuskipti á báðum aðalhafnarbökkum og lokið verður á komandi vetri við að endurnýja alla lýsingu á hafnarsvæði í Hafnarfirði og Straumsvík með LED-lýsingu. Allur úrgangur og spilliefni sem kemur frá skipum og hafnarsvæðinu er skráð í tölvukerfi sem Umhverfisstofnun hefur beinan aðgang að. Virk umhverfisvöktun er á hafnarsvæðinu, unnið hefur verið umhverfisuppgjör fyrir Hafnarfjarðarhöfn og höfnin kolefnisjafnar starfsemi sína með samningi við Kolvið. Þá er unnið að endurskipulagningu á móttöku úrgangs frá skipum og víðtækari flokkun, þar sem lögð er áhersla á að draga sem kostur er úr kolefnislosun á hafnarsvæðinu.

Stærstu framkvæmdaverkefni á árinu 2023 verða framhald orkuskipta með öflugri tengibúnaði við bæði Hvaleyrarbakka og Suðurbakka og lokið verður við að koma upp LED-lýsingu á hafnarbökkum, bæði í Hafnarfjarðarhöfn og í Straumsvík. Þá er ráðgert að hefja framkvæmdir við nýja Hamarhöfn undir Vesturhamri og jafnframt landfyllingar austan við gamla slippsvæðið. Einnig verður haldið áfram við endurbyggingu Norðurgarðsins, með grjótfyllingum að utanverðu og uppsteypu á garðinum. Jafnframt verður farið í að ljúka frágangi á fyllingarsvæði utan Suðurgarðs og koma þar upp aðstöðu fyrir viðhald og smærri viðgerðir á minni bátum. Einnig er í fjárfestingaráætlun fyrir 2022 og langtímaáætlun gert ráð fyrir fjármunum til hönnunar og undirbúnings uppbyggingar á nýju hafnarsvæði í Straumsvík. Stefnt er að því að verklegar framkvæmdir á svæðinu geti hafist ekki síðar en árið 2024.

Í langtímaáætlun til ársins 2025 er lögð áhersla á að ljúka stórverkefninu við orkuskipti á hafnarbökkum samhliða nýframkvæmdum við nýja Hamarshöfn fyrir smábáta og endurbótum í Flensborgarhöfn í samræmi við tillögur í rammaskipulagi.

Rekstraryfirlit:

Hafnarfjarðarhöfn – m.kr.	Áætlun 2022	Áætlun 2021	Ársreikn. 2020
Tekjur:			
Þjónustugjöld	737	674	683
Samtals tekjur	737	674	683
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	258	226	218
Lífeyrisskuldbinding	16	18	30
Annar rekstrarkostnaður	198	174	196
Afskriftir	115	104	104
Fjármagnsliðir	(3)	1	(9)
Samtals gjöld	583	523	539
Rekstrarniðurstaða	153	151	144

Mannauður:

Hafnarfjarðarhöfn stöðugildi	Fjöldi stöðugilda 2022	Fjöldi starfsm. 2022	Fjöldi stöðugilda 2021	Fjöldi starfsm. 2021	Fjöldi stöðugilda 2020	Fjöldi starfsm. 2020
Hafnarfjarðarhöfn	14	14	13	13	13	13

Framkvæmdaáætlun 2022

Fjárheimild til framkvæmda árið 2022 er rúmlega fimm milljarðar króna. Hluti af þessari upphæð er til frekari uppbyggingar á Suðurhöfninni, kaupa á félagslegu húsnæði og framkvæmda vatnsveitu og fráveitu. Í fjárhagsáætlun 2022 er lögð áhersla á forgangsröðun í grunnþjónustu, svo sem umhverfismálum, samgöngum, íþróttaaðstöðu, húsnæði og fráveitumálum.

Hafnarfjarðarbær er aðili að samgöngusamningi SSH og ríkisins sem inniber uppbyggingu á samgöngumannvirkjum á höfuðborgarsvæðinu. Á síðasta ári hófst gatnagerð í nýju íbúðarhverfi í Hamranesi og munu framkvæmdir þar halda áfram á árinu 2022, auk þess sem hafin verður gatnagerð í nýju íbúðahverfi Áslandi 4. Farið verður í seinni hluta gatnagerðar í iðnaðarhverfinu í Hellnahrauni 3 en í dag eru nánast engar lausar iðnaðarlóðir.

Haldið verður áfram frágangi á nýbyggingarsvæðum víðs vegar um bæinn, svo sem lokum malbikunar, gerð stétta, stíga og leiksvæða og almennri grænkun svæða.

Þá verður unnið áfram að endurgerð gangstétta og gönguleiða í bænum, en sú vinna hófst á þessu ári. Unnið verður að öðrum frágangs- og umferðaröryggismálum í bænum, sem og endurnýjun eldri leiksvæða. Sérstakt fjármagn er lagt til í því skyni að efla hjólréiðaleiðir í sveitarfélaginu. Á næsta ári verður haldið áfram með stíginn við Kaldárselsveg og er áætlað að ná að leggja hann alla leið í Kaldárbotna.

Í haust hófst vinna við endurgerð á Norðurbakka og mun þeirri vinnu ljúka nú á vormánuðum með nýju yfirborði, áningarsvæðum og gönguleiðum.

Sérstakt fjármagn er ætlað til vinnu að ýmsum verkefnum á sviði umhverfismála. Við Hvaleyrarvatn á að hefja vinnu við framkvæmdir í samræmi við deiliskipulag og er sérstaklega horft til þess að bæta aðgengismál, áningarsvæði, stíga og bílastæði. Hellisgerði verður 100 ára árið 2023 og er sérstakt fjármagn ætlað til þess að fegra garðinn. Sérstakt fjármagn verður sett í að auka gróður í hverfum bæjarins, þar sem hugað verður að skjólmyndun og fegrun; átak verður í fegrun Valla. Þá verður sett fjármagn til uppbyggingar á ferðamannastöðum í sveitarfélaginu. Í samvinnu við Hestamannafélagið Sörla verður farið í uppbyggingu á nýjum reiðleiðum.

Á næsta ári verður haldið áfram að endurnýja gatnalýsingu, er þar átt við LED-væðingu bæjarins. Verkefninu, sem er þegar hafið, mun ljúka að mestu á næsta ári.

Sérstakt fjármagn er ætlað til ýmissa verkefna í húsnæði sveitarfélagsins. Á næsta ári verður haldið áfram með lagfæringar í Hraunvallaskóla, en lokafrágangur er á gluggakerfi skólans til að koma í veg fyrir áframhaldandi lekaskemmdir í skólanum. Einnig er áætlað fé til að endurskipuleggja húsnæðið og lóðina. Hafin verður vinna við endurnýjun á þaki Setbergsskóla og Öldutúnsskóla. Í Engidalsskóla verður hugað að breytingum á aðkomu að skólanum og innra skipulagi.

Haldið verður áfram endurnýjun á skólalóðum og leikskólalóðum en framkvæmdum verður forgangsraðað miðað við úttektir.

Hafinn verður undirbúningur að nýjum leik- og grunnskóla í Hamranesi sem og viðbyggingu við Smáralund. Gæsluvallarhúsin í Grænuvík verða fjarlægð á næsta ári og leiksvæðið lagað í kjölfarið.

Í undirbúningi eru lagfæringar á inni- og útiáðstöðu í Suðurbæjarlaug og er áætlað að framkvæmdir hefjist þar á næsta ári. Einnig eru áætlaðar lagfæringar á aðstöðu í Sundhöllinni.

Á árinu 2020 hófst vinna við endurgerð Sólvangs. Á því ári voru jarðhæð og eldhúsið endurnýjuð en á þessu ári hófst endurgerð á 2.-4. hæð, sem á að ljúka í ár. Fjárveitingar á árinu 2022 fara í endurgerð lóðar með tilliti til nýtingar sérhæfðu dagdvalarinnar og hönnunarrýni á fimmtu hæð hússins. Einnig verður haldið áfram við endurgerð á gamla St. Jósefsspítala, eða Lífsgæðasetri St. Jó. Á þessu ári var endurnýjað þak Suðurbæjarlaugar og á árinu 2022 er stefnt að frekari endurbótum á aðstöðu laugarinnar.

Starfshópar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar nýrra íþróttamannvirkja hafa skilað af sér skýrslum með þarfagreiningu og kostnaðarmati. Áfram verður unnið í takt við samkomulag sem gert hefur verið milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Knattspyrnufélagsins Hauka og samkomulag milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Hestamannafélagsins Sörla. Á næsta ári verður haldið áfram undirbúningi framkvæmda í samvinnu við félögin. Á næsta ári verður lokið við endurnýjun grasvalla á félagssvæðum FH og Hauka. Hjá Haukum verður farið í að endurnýja gervigras á útivelli og endurnýja lýsingu hans sem og lagfæringar á öryggis- og aðgengismálum. Hjá FH verður farið í endurnýjun á gervigrasi í Risanum, lagfæringar á parketsalum og lagfæringar á öryggis- og aðgengismálum. Í íþróttahúsinu Strandgötu verður farið í lagfæringar á aðstöðu.

Sérstakt fjármagn er lagt til að bæta aðgengismál í húsnæði og á opnum svæðum hjá sveitarfélaginu, en ríkið hefur sett á laggirnar sérstakan sjóð sem styrkir slíkar framkvæmdir sveitarfélaga um 50%.

Vatnsveita

Aukin áhersla hefur verið lögð á endurnýjun heimæða vatnsveitunnar, en þar hefur myndast nokkur uppsöfnuð þörf. Einnig verður lögð aukin áhersla á lekaleit og endurgerð stofnlagna. Boraðar verða rannsóknarholur í upplandi Hafnarfjarðar og settir niður síritar, en þannig má auka þekkingu á grunnvatnsstraumum. Lokið verður við niðursetningu og tengingar á nýjum borholudælum í vatnsbólunni í Kaldárbotnum, en við það eykst afhendingaröryggi auk þess sem afkastageta vatnsveitunnar eykst.

Fráveita

Í undirbúningi er lagning stofnræsis frá iðnaðarhverfum í Hellnahrauni og Kapelluhrauni að Hraunavík. Reiknað er með að verkinu ljúki árið 2022. Einnig verða á árinu 2022 byggð dæluhús, við Borgarhelli annars vegar og á Geymslusvæðinu hins vegar. Endurnýja þarf fráveitulagnir við Engjavelli og Ásbraut vegna tengingar við ný hverfi. Af stærri verkefnum sem fram undan eru má nefna endurnýjun á dælum



og búnaði, auk þess sem reikna má með auknum kröfum um hreinsun skólps á næstu árum.

Húsnæðisskrifstofa

Gert er ráð fyrir að verja 500 milljónum króna á ári, árin 2022–2025, til kaupa á félagslegum íbúðum, eða samtals fyrir 2.000 milljónir króna.

Fjárfestingar 2022–2025				
Flokkar	2022	2023	2024	2025
Gatnagerð	715	650	450	450
Göngu- og hjólaleiðir og umhverfismál	561	300	300	300
Önnur mál, svo sem umferðaröryggismál, gatnalýsing, samgöngusáttmáli o.fl.	477	230	230	230
Húsnæði almennt		600	600	600
Skólahúsnæði	405			
Sundlaugar	145			
Íþróttafélög	746	800	800	800
Önnur verkefni, svo sem framlag til skíðasvæða, aðgengismál, annað húsnæði o.fl.	373	160	168	110
Vatnsveita	292	318	288	288
Fráveita	623	215	315	315
Húsnæðisskrifstofa	500	500	500	500
Skipulagsvinna	86	85	85	86
Hafnarsjóður	262	338	796	750

Umhverfi og götur	2022	2023	2024	2025
Götur	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.
Gatnaverkefni óskilgreint		600	400	400
Götur				
Ásvallabraut, gatnagerð	20			
Hamranes I, gatnagerð	150			
Ásland 4, gatnagerð	250			
Skarðshlíð, gatnagerð	20			
Hellnahraun III, gatnagerð	100			
Reykjanesbraut, tvöföldun	5			
Þétting byggðar	30			
Miðvangur/Hjallabraut, endurgerð hringtorgs	30			
Hvammabraut, endurgerð gatnamóta	5			
Malbikun, lok gatnagerðar á nýbyggingarsvæðum	100	50	50	50
Hellubraut, breyting á götunni samkvæmt skipulagi	5			
Gönguleiðir/reiðleiðir				
Haldið verður áfram við frágang stétta, umferðaröryggismála og grassvæða á nýbyggingarsvæðunum í Selhrauni, Hellnahrauni, Skarðshlíð, Skipalóni o.fl.	100	100	100	100
Norðurbakki, frágangur á bakkanum og gönguleiðir	30			
Endurgerð stétta í eldri hverfum	50	50	50	50
Strandgata, stígur með götu í samvinnu við Vegagerðina				
Grísanesstígur, malbika og ný tenging að Haukasvæði	10			
Hjólástígar	50			
Unnið verður að uppbyggingu vistvænna samgangna svo sem gerð stíga við stofnbrautir í samvinnu við Vegagerðina, áframhaldandi vinnu við stíga í upplandinu, t.d. stíg upp í Kaldárbotna.	60	50	50	50
Endurgerð götukanta	10			
Reiðstígar	10			

Annað				
Umferðaröryggisáætlun, framkvæmdir	10			
Hindranir, endurgerð, nýjar og þær sem eru á skipulagi	10			
Hraðaskilti	10			
Umferðarljós, endurnýjun stjórnbúnaðar	20			
Gatnalýsing, endurnýjun lýsingar	50			
Snjóbræðslukerfi	10			
Leiðakerfi, biðskýli og stoppistöðvar	20			
Hljóðvistarverkefni, greining á svæðum samkvæmt reglugerð	5			
Samgöngusamningur SSH við ríkið	202	200	200	200
Hnoðraholtslína, niðurtekt	100			
Tækjakaup	30	30	30	30
Óskilgreint í götum og umhverfi	10			
Umhverfi	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.
Umhverfismál óskilgreint		70	70	70
Miðbær, lagfæringar á gönguleiðum	5			
Víðistaðatún, endurnýjunarverkefni	5			
Hellisgerði, afmælisverkefni 2023	25			
Siggubær, endurgerð garðs	3			
Leiksvæði í Skarðshlíð	10			
Opin leiksvæði, endurgerð	10			
Battavellir, endurnýjun yfirborðs	8			
Fjölgun sértækra leiktækja	10			
Umhverfismál svo sem Kaldárbotnar, Víðistaðatún, Hellisgerði, upplandið, hreinsun, merkingar o.fl.	20	30	30	30
Grænkun hverfa, samkvæmt skipulagi	25			
Grænkun Valla	25			
Hvaleyrarvatn, framkvæmdir í samræmi við skipulag	60			
Náttúrustígar, uppbygging	5			
Merkingar í upplandinu, stikur og skilti	5			
Útivistarsvæði, skilti	5			
Uppbygging ferðamannasvæða	5			
Seltún, móttframlag vegna styrks	5			



Krýsuvíkurborg	10			
Fasteignir	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.
Fasteignaverkefni óskilgreint		570	570	570
Skólar				
Hraunvallaskóli, breytingar	100			
Setbergsskóli, endurnýjun á þaki	50			
Öldutúnsskóli, endurnýja þak á tengibyggingu	40			
Engidalsskóli, breytingar	25			
Engidalsskóli, loftræstikerfi	10			
Víðistaðaskóli, loftræstikerfi	10			
Skólalóðir, endurgerð	30	30	30	30
Smáralundur, undirbúningur að stækkun	25			
Hamranes, undirbúningur að nýjum grunn- og leikskóla	25			
Víðivellir, aðgengismál	10			
Gæsluvöllur Grænukeinn, rif á húsum og frágangur	20			
Leikskólalóðir, endurgerð	30			
Hjólagrindur við leik og grunnskóla	20			
Hljóðvist í grunn- og leikskólum	10			
Íþróttafélög		800	800	800
Sörli, reiðskemman	80			
Sörli, félagshúsnæði	70			
Haukar, knattús	350			
Haukar, grasæfingasvæði	10			
Haukar, plan við austurútgang Íþróttamiðstöðvar og girðing	10			
Haukar, endurnýjun á gervigrasi aðalvallar	60			
Haukar, girðing um gervigrasvöll	10			
Haukar, endurnýjun á lýsingu á útivelli	20			
Haukar, búningsklefar	5			
FH, grasæfingasvæði	50			
FH, endurnýjun á gervigrasi í Risa	16			
FH, pússun á parketsal	10			
FH, öryggisgirðingar innan svæðis	10			
FH, malbikun stíga við Risann	15			

Strandgata íþróttahús, salerni fyrir fatlað fólk	5			
Strandgata íþróttahús, ruslagerði og fleira	10			
Strandgata íþróttahús, gera móttöku	5			
Kvartmílan, malbikun	5			
AÍH, endurbætur á malbiki	5			
Sundlaugar, íþróttahús, búsetukjarnar o.fl.				
Suðurbæjarlaug, endurnýjun	100			
Suðurbæjarlaug, endurflísa bakka	5			
Ásvallalaug, hljóðvist	5			
Sundhöll, endurnýjun múrhúðar	15			
Sundhöll, endurnýja búningsklefa	20			
Sólvangur, endurgerð gamla Sólvangs	15			
Sólvangur, lóð	25			
Lífsgæðasetrið St. Jó, endurgerð	100			
Blikaás o.fl., búsetukjarni, endurnýjun	16			
Annað				
Framkvæmdasviðshús, breytt innra skipulag	5			
Aðgengismál í húsnæði bæjarins	25			
Stofnbúnaður	30	30	30	30
Óskilgreint	157	130	138	80
Veitur	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.
Vatnsveita		318	288	288
Endurgerð heimæða	80			
Lekaleit og endurgerð stofnlagna	70			
Nýtt vatnsból, undirbúningur	40			
Mæliholur neðan Hvaleyrarvatns	10			
Stjórnkerfi og öryggismál	15			
Endurnýjun á borholudælum Kaldárbotnum	15			
Lokafrágangur við vatnstank	10			
Endurnýjun á þaki stjórnstöðvar Kaldárbotnum	5			
Endurnýjun brunahana	30			
Endurnýjun vatnsnotkunarmæla	2			

Endurnýjun á bíl	15			
Fráveita				
Endurgerð heimæða	35	215	315	315
Fóðranir og lagfæringar á fráveitulögnum	30			
Sverun lagnar við Engjavelli	50			
Stofnræsi frá atvinnusvæðum	350			
Dæluhús Kapelluhrauni	50			
Lagfæringar á húsnæði og búnaði	20			
Útrásardætur í Hraunavík	25			
Dæluhús við Búðarhelli/Borgarhelli	50			
Annað	13			
Húsnæðisskrifstofa	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.
Lengi hefur verið ljóst að samsetning íbúða er ekki í samræmi við þarfir umsækjenda og því er gert ráð fyrir árlegu framlagi í fjárfestingar að fjárhæð 500 milljónir króna.	500	500	500	500
Skipulagsvinna	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.
Verkefni samkvæmt greinargerð undir Skipulags- og byggingarmál	86	85	85	86
Hafnarsjóður	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.	upphæð í m.kr.
Uppbygging á Suðurhöfn	262	338	796	750
Samtals	5.185	4.196	4.532	4.429
A-sjóður	3.508	2.825	2.633	2.576
B-sjóður	1.677	1.371	1.899	1.853